HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA

2005

Útgefandi: **Háskólinn á Akureyri 2006** Ritstjórn: **Laufey S. Sigurðardóttir** Ljósmyndir: **Myndrún** og **Páll A. Pálsson**
Lestur handrits: **Bragi Guðmundsson** Hönnun: **Stíll** Prentun: **Ásprent**

EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	bls. 4
Formáli rektors	bls. 5
Nemendafjöldi	bls. 6
Starfsmenn	bls. 6
Asíuver Íslands	bls. 7
Góðvinir Háskólans á Akureyri	bls. 7
Auðlindadeild	bls. 8
Heilbrigðisdeild	bls. 11
Félagsvísinda- og lagadeild	bls. 14
Kennaradeild	bls. 16
Upplýsingatæknideild	bls. 19
Viðskiptadeild	bls. 20
Kennslusvið	bls. 22
Rannsókna- og alþjóðasvið	bls. 24
Samskiptamiðstöð	bls. 26
Upplýsinga- og gæðastjórnunarsvið	bls. 27
Félag stúdenta við HA	bls. 28
Félagsstofnun stúdenta við HA	bls. 29
Fjarnám	bls. 30
Rannsóknastofnun HA	bls. 32
Byggðarannsóknastofnun Íslands	bls. 34
Símenntun	bls. 35
Ferðamálasetur Íslands	bls. 36
Matvælasetur HA	bls. 38
Samningar og samstarfsstofnanir	bls. 39
Þekkingarvörður ehf.	bls. 39
Húsnæði	bls. 40
Styrkir til rannsóknaverkefna	bls. 42
Gjafir og styrkir	bls. 45
Ársreikningur	bls. 46
Fjármál	bls. 48
Brautskráning	bls. 49
Brautskráningarræða rektors	bls. 50
Brautskráðir - listi	bls. 54
Lokaverkefni	bls. 55
Starfsmenn – listi	bls. 58



Stjórn

Háskólaráð fer með æðsta vald innan háskólans. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra, einn fulltrúi nemenda og rektor sem er formaður. Háskólaráð hélt 12 fundi á árinu 2005. Háskólaráði til ráðgjafar starfar fagráð en í því eiga sæti rektor, framkvæmdastjórar, deildarforsetar og forstöðumenn sviða.

Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum til og með júlí 2005:
Þorsteinn Gunnarsson rektor
Andrea S. Hjálmsdóttir, fulltrúi nemenda
Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Hermann Óskarsson dósent, fulltrúi kennara
Sigrún Sveinbjörnsdóttir lektor, fulltrúi kennara
Til vara:
Kristján Sturluson, fulltrúi nemenda
Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Sólveig Ása Árnadóttir lektor, fulltrúi kennara
Steingrímur Jónsson prófessor, fulltrúi kennara

Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum frá og með ágúst 2005:
Þorsteinn Gunnarsson rektor
Anna Þóra Baldursdóttir lektor, fulltrúi kennara
Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnkt, fulltrúi kennara
Kristján Sturluson, fulltrúi nemenda

Til vara:
Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, fulltrúi kennara
Karl Guðni Hreinsson, fulltrúi nemenda
Sigrún Sveinbjörnsdóttir lektor, fulltrúi kennara

Rektor
Þorsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjórar
Ólafur Búi Gunnlaugsson
framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar
Ögmundur Knútsson
framkvæmdastjóri starfsþróunar og stefnumótunar.
Ögmundur var í starfsleyfi fram á mitt ár en Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála sinnti störfum hans að mestum hluta. Haustið 2005 fór Ögmundur að hluta til í verkefni tengd starfsþróun og stefnumótun og tók einnig við starfi forstöðumanns RHA.

Deildarforsetar
Auðlindadeild: Björn Gunnarsson
Félagsvísinda- og lagadeild: Mikael M. Karlsson
Heilbrigðisdeild: Þórarinn J. Sigurðsson – Hermann Óskarsson tók við starfinu 1. ágúst 2005 er Þórarinn fór í starfsleyfi
Kennaradeild: Guðmundur Heiðar Frímannsson
Upplýsingatæknideild: Mark O´Brien
Viðskiptadeild: Helgi M. Bergs

Forstöðumenn
Kennslusvið: Laufey Petrea Magnúsdóttir
Rannsókna- og alþjóðasvið: Þórleifur S. Björnsson
Samskiptamiðstöð: Jóna Jónsdóttir
Upplýsingasvið: Sigrún Magnúsdóttir

FORMÁLI REKTORS

Háskólinn á Akureyri hefur verið í hraðri uppbyggingu á síðustu árum. Á tímabilinu 1997–2005 fjölgaði nemendum úr rúmlega 400 í tæplega 1500 og háskólinn jók hlutdeild sína í heildarfjölda háskólanema úr 5% í rúm 9%. Á sama tíma fjölgaði brautskráðum nemendum úr tæplega 70 á ári í nær 300. Mest munar um fjölgun nemenda í fjarnámi og framhaldsnámi og áframhaldandi vöxtur þar er fyrirsjáanlegur. Háskólinn hefur verið í fararbroddi í nýtingu upplýsingatækni, m.a. við fjarnám.

Námsframboð er fjölbreytt og framsækið og miðar að undirbúningi nemenda til frekara framhaldsnáms eða virkrar þátttöku í íslensku og alþjóðlegu samfélagi. Háskólinn á Akureyri hefur byggt upp farsælt samstarf við fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga, bæði innanlands og erlendis. Samstarfið er fjölþætt og tengir bæði nám og rannsóknir við atvinnulífið. Rannsóknavirkni kennara þrefaldaðist á tímabilinu 1999–2004.

Könnun sem gerð var meðal brautskráðra nemenda vorið 2005 leiddi í ljós ánægju með fræðilegan undirbúning, handleiðslu kennara, persónulegt andrúmsloft og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kröfur nemenda til háskólans, m.a. um fjölbreytta kennsluhætti og vinnuaðstöðu fara vaxandi og mikilvægt er að bregðast við þeirri áskorun af krafti.

Almennt séð er íslenskt háskólasamfélag að þróast í þá átt að leggja meiri áherslu á framhaldsnám, gæði og tengsl við atvinnulíf. Sífellt stærri hluti fólks á mismunandi aldursskeiðum stundar nú háskólanám. Fjöldi þeirra sem stunda nám í háskólum innanlands hefur tvöfaldast frá árinu 1997 og er nú um sextán þúsund. Á stuttum starfstíma sínum hefur Háskólinn á Akureyri haft mikil og jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og skilað því hæfum einstaklingum. Þessu mikilvæga starfi vill háskólinn halda áfram og efla enn frekar samhliða því að þróa starfsemi sína áfram í samræmi við það sem best gerist erlendis.

Frá árinu 1995 hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu á háskólasvæðinu á Akureyri. Þar er nú kominn vísir að þekkingarþorpi sem laðað hefur til sín nemendur, starfsmenn og samstarfsaðila sem mynda með háskólanum þekkingarsamfélag í hjarta Akureyrarbæjar.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu 2005. Eins og oft áður einkenndist árið af mikilli uppbyggingu og breytingum. Rannsóknastarf kennara, sérfræðinga og annarra fræðimanna efldist mikið. Fjarnám og símenntun styrktist jafnframt. Asíuver Íslands sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri tók til starfa í lok ársins. Ýmsar starfseiningar háskólans tóku virkan þátt í starfsemi á vegum Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Líkamsræktarsalur fyrir starfsfólk og nemendur var tekinn í notkun. Þessi öra þróun er fyrst og fremst ávöxtur af starfi áhugasamra og hæfra kennara, samhents og fórnfúss starfsfólks og allra þeirra ágætu nemenda sem hér stunda nám. Í Háskólanum á Akureyri ríkir andi brautryðjendastarfs þar sem hindrunum fortíðar er breytt í tækifæri morgundagsins.

Ég vil þakka Laufeyju Sigurðardóttur, ritstjóra ársskýrslunnar, fyrir vel unnin störf og allir þeir fjölmörgu sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti fá einnig mínar bestu þakkir.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor

NEMENDAFJÖLDI

Alls var 1521 nemandi skráður til náms á haustmisseri 2005. Í dagskóla voru skráðir 780 nemendur og 528 í fjarnám. Að auki stunduðu 213 nemendur framhaldsnám. Tæplega 130 umsækjendum var synjað um skólavist.

Heildarfjöldi nemenda





Nemendur haustmisseri 2005

karlar konur

Starfsmannamál

Í lok árs 2005 voru 184 fastir starfsmenn við Háskólann á Akureyri. Lausráðnir stundakennarar, prófdómarar, prófgæslu-, nefndar- og aðrir tímavinnustarfsmenn eru ekki meðtaldir en þeir voru 685 í lok ársins. Heildarfjöldi starfsmanna var því 869. Stærsti hópur háskólamenntaðs starfsfólks er í Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA) samtals 141, 11 í Félagi prófessora, 30 í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og tveir eru utan félaga. Í FHA voru 12 dósentar, 60 lektorar, 14 aðjúnktar og annað háskólamenntað starfsfólk 55.

Samninganefnd ríkisins gerir kjarasamninga við FHA og SFR fyrir hönd fjármálaráðherra. Kjaranefnd úrskurðar um laun rektors og prófessora.

83 94

Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	13	2	15
Dósentar	10	2	12
Lektorar	26	34	60
Aðjúnktar	5	9	14
Sérfræðingar	13	15	28
Skrifstofufólk	15	29	44
Aðrir	4	7	11
Alls	**86**	**98**	**184**

NÁM Í KÍNVERSKUM FRÆÐUM OG STOFNUN ASÍUVERS ÍSLANDS

Þann 16. desember 2005 var haldin opnunarhátíð í Háskólanum á Akureyri í tilefni tímamótaviðburða í uppbyggingu og þróun asískra fræða á Íslandi. Skrifað var undir samstarfssamning milli Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands um kennslu í kínversku og kínverskum fræðum sem skipulögð verður af Símenntun Háskólans á Akureyri. Fyrst um sinn verður boðið upp á þrjú námskeið, kínversku fyrir byrjendur, kínverska nútímamenningu og viðskipti í Kína. Boðið er upp á sameiginlegt B.A. nám í HÍ og HA í Austur-Asíufræðum en slíkt verkefni á sér ekki fordæmi í samstarfi skólanna. Boðið er upp á námið sem fjarnám sem verður aðgengilegt sem víðast um landið.

Við þetta tækifæri átti sér jafnframt stað formleg stofnsetning Asíuvers Íslands (ASÍS) sem verður vettvangur fyrir rannsóknir og fræðslu á sviði asískra fræða á Íslandi. Stofnaðilar eru HÍ og HA. ASÍS mun beita sér fyrir því að samhæfa og efla sérþekkingu fræðimanna á Íslandi um þjóðir, málefni og aðstæður í Asíu, meðal annars með ráðstefnuhaldi, útgáfu og uppbyggingu samskipta aðildarstofnana við erlendar og þeirra á meðal asískar stofnanir.

Hátíðin var sett af forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni. Einnig fluttu ávörp Wang Xinshi sendiherra Kína á Íslandi, Ólafur Egilsson sendiherra Íslands í Kína árin 1998–2002, Þorsteinn Gunnarsson rektor Háskólans á Akureyri, Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands, Mikael M. Karlsson deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri og Ragnar Baldursson sérfræðingur um kínverska heimspeki og menningu. Á hátíðinni undirrituðu Arngrímur Jóhannsson flugstjóri og fulltrúar frá Avion Group og Íslandsbanka, stuðningsyfirlýsingu við nám í kínversku og kínverskum fræðum. Einnig undirrituðu Kristín Ingólfsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson samstarfsamninga um Asíuver Íslands og um sameiginlegt nám háskólanna í Austur-Asíufræðum.

Góðvinir Háskólans á Akureyri

Góðvinir Háskólans á Akureyri eru samtök brautskráðra nemenda og annarra velunnara skólans. Helstu markmið Góðvina eru annars vegar að efla tengsl háskólans við brautskráða nemendur og aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti og hins vegar að styrkja og efla háskólann eftir fremsta megni, fjárhagslega og faglega.

Frá árinu 2004 hafa Góðvinir heiðrað árlega einn nemanda frá hverri deild við brautskráningu fyrir góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans. Við brautskráningu í júní 2005 voru heiðursverðlaun afhent eftirtöldum einstaklingum:

Birgir Haraldsson, upplýsingatæknideild
Böðvar Jónsson, viðskiptadeild
Guðríður Sigurðardóttir, kennaradeild
Hanna Dögg Maronsdóttir, auðlindadeild
Ólína Freysteinsdóttir, félagsvísinda- og lagadeild
Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir, heilbrigðisdeild

Á aðalfundi Góðvina þann 25. október 2005 var auðlindadeild afhent peningagjöf kr. 700.000 til kaupa á rannsóknatækjum. Gjöfin var annars vegar af félagsgjöldum Góðvina og hins vegar afrakstur söfnunar meðal eftirtalinna fyrirtækja á Akureyri: Athygli, Ásprent-Stíll, Bautinn, Brim, Fasteignasalan Holt, Greifinn, Höldur, Íslandsbanki, Norðlenska, Sjóvá, Slippstöðin og Sparisjóður Norðlendinga.

Í stjórn Góðvina árið 2005 störfuðu Jóna Jónsdóttir formaður, Sigríður Margrét Oddsdóttir varaformaður, Ólöf Huld Matthíasdóttir ritari og fulltrúi nemenda HA, Rúnar Þór Sigursteinsson gjaldkeri og Hermann Óskarsson meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs.

Á aðalfundi 2005 var kosin ný stjórn. Í stað Sigríðar Margrétar kom Eva Hrund Einarsdóttir og í stað Ólafar Huldar kom Elísabet Ingunn Einarsdóttir. Aðrir stjórnarmenn voru kosnir til áframhaldandi stjórnarsetu.

AUÐLINDADEILD

Við auðlindadeild voru alls 100 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2005. Á líftæknibraut var 31 nemandi við nám, 37 nemendur voru á sjávarútvegs- og fiskeldisbraut, þar af 32 á sjávarútvegssviði og 5 á fiskeldissviði, 27 á umhverfis- og orkubraut, einn nemandi í meistaranámi í sjávarútvegsfræði og 4 nemendur stunduðu meistaranám í auðlindafræði sem boðið var upp á í fyrsta sinn. Boðið var upp á B.S. nám í staðarnámi og fjarnámi. B.S. námið tekur þrjú ár og er samtals 90 námseiningar. Vorið 2005 brautskráðust 17 kandídatar frá auðlindadeild.

Sérfræðingar deildarinnar á árinu 2005 með fasta kennslu- og rannsóknarskyldu voru samtals þrettán í ellefu stöðugildum. Auk deildarforseta voru fjórir prófessorar, fjórir dósentar og 5 lektorar.

Með tilkomu auðlindadeildar sem tók til starfa haustið 2002 á styrkum stoðum fyrrum sjávarútvegsdeildar sem var stofnsett árið 1990 skapaðist einstakt tækifæri fyrir HA til að byggja upp sérstöðu á ýmsum veigamiklum sviðum auðlindafræða og miðla nýrri og hagnýtri þekkingu til samfélagsins. Auðlindadeild er eina deildin innan íslenskra háskóla sem leggur áherslu á hið þverfaglega svið auðlindafræða þar sem saman fara nám og rannsóknir í raunvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á auðlindahagfræði og viðskiptafræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og skipulags og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpunar.

Deildin er í nánu samstarfi við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis og má þar nefna Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hólaskóla, Landsvirkjun, Íslenskar orkurannsóknir, Náttúrufræðistofnun, Vatnamælingar Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, líftæknifyrirtækið Prokaria, Landmælingar Íslands, Iðntæknistofnun, Umhverfisstofnun, Norðurorku, Exorku, Sæplast og sjávarútvegsfyrirtækin Samherja, Brim og SERO.

Verið er að koma á svipuðum tengslum við ýmsar erlendar rannsóknastofnanir og háskóla á fræðasviðum deildarinnar. Einnig hefur auðlindadeild verið í samvinnu við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna um kennslu og leiðbeiningu nemenda sjávarútvegsskólans.

Í byrjun október 2004 flutti auðlindadeild alla sína starfsemi í nýtt rannsókna- og nýsköpunarhús háskólans að Borgum. Stórbatnaði þar með öll rannsóknaraðstaða og aðstaða til verklegrar kennslu í raungreinum innan deildarinnar. Inn í rannsóknahúsið fluttu einnig margar samstarfsstofnanir deildarinnar. Samstarf þessara stofnana myndar nú sterkan þekkingargrunn og býður upp á góða aðstöðu til kennslu og rannsókna á öllum sviðum auðlindamála.

Innan auðlindadeildar fer fram öflug rannsóknastarfsemi á ýmsum sviðum. Má þar nefna orkulíftækni, veiðarfærafræði, umhverfisfræði, matvælafræði og vinnslutækni, fiskihagfræði og sjávarlíffræði. Mörg þessara verkefna eru þverfagleg, ýmist í efnislegri nálgun eða aðferðum. Besta dæmið um þverfaglegar rannsóknir sem þó eru sérhæfðar hver á sínu sviði eru hverastrýturnar í Eyjafirði. Þar voru bæði örverufræðilegar, vatnsefnafræðilegar og jarðfræðilegar rannsóknir stundaðar. Þá aðstoðuðu starfsmenn deildarinnar sérfræðinga frá NASA sem gerðu rannsóknir á hverastrýtunum með nýjum búnaði. Tilgangurinn var að prófa búnað sem notaður verður við rannsóknir á neðansjávarhverum sem eru á miklu dýpi.

Á árinu 2005 sameinuðust Matvælasetur HA, Háskólinn á Akureyri og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunin um umsókn til Tækjasjóðs Rannís til kaupa á tækjum til áframhaldandi

AUÐLINDADEILD

uppbyggingar á sameiginlegri rannsóknaraðstöðu þessara stofnana. Ákvað sjóðurinn að veita níu milljón króna styrk til þessa verkefnis. Keypt voru flest þau tæki sem verið höfðu á upphaflega tækjakaupalistanum. Má þar meðal annars nefna gasgreini til mælinga á efnum og efnasamböndum, t.d. mengandi efnum í sjávarfangi, skilvindur til almennra efnarannsókna, bioscreen tæki, gerjunartank, spiral later og teljara sem öll eru notuð við örverurannsóknir. Keypt voru GPS tæki og merki til rannsókna á fiskum þar sem hægt er að fylgjast með ferðum þeirra í sínu náttúrulega umhverfi, auk þess sem keypt var staðsetningartæki fyrir kafbátinn sem LÍÚ og fleiri gáfu HA á árinu 2004. Einnig voru keyptir litrófsmælir og ljósgleypnimælir sem notaðir eru við almennar efnarannsóknir og kennslu, ásamt ýmsum smærri tækjum og búnaði sem nýtast við almenna rannsóknarstarfsemi. Eru öll þessi tæki, að GPS tækinu og staðsetningartækinu undanskildum, staðsett í rannsóknaraðstöðunni að Borgum og nýtt af fyrrnefndum stofnunum.

Líftæknibraut

Innan líftæknibrautar eru kennd sérhæfð námskeið á sviði auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum með það að markmiði að gera nemendur eftirsótta til starfa á ýmsum sviðum líftækninnar. Megináherslur B.S. náms í líftækni eru í fyrsta lagi á sviði umhverfis- og orkulíftækni, m.a. niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna, s.s. vetnis, metans og etanóls. Í öðru lagi er áhersla á líftæknilega þætti fiskeldis, m.a. á heilbrigði og fóður, og í þriðja lagi á sviði lífvirkra efna þar sem lögð er áhersla á framleiðslu efna sem bæta heilsu manna, t.d. efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað.

Af sérnámskeiðum má nefna: erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og matvælavinnslu, næringarfræði, veirufræði, náttúrulegar afurðir, nýmyndun og niðurbrot, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli. Auk fastra kennara deildarinnar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja að kennslunni og ber sérstaklega að nefna sérfræðinga frá líftæknifyrirtækjunum Prokaria og Primex.

Sjávarútvegs- og fiskeldisbraut

Boðið er upp á nám á tveimur sviðum, þ.e. sjávarútvegssviði og fiskeldissviði.
Í B.S. námi á sjávarútvegssviði er áhersla lögð á ýmsa séráfanga í sjávarútvegsfræðum, s.s. sjávarlífræði, fiskifræði og matvælafræði fiska, stofnstærðarfræði, fiskeldi, vinnslutækni, skipatækni og veiðitækni. Valnámskeið eru m.a. hagnýt haffræði, matvælavinnsla og fiskihagfræði. Mikil áhersla er lögð á nána samvinnu við fyrirtæki og stofnanir innan sjávarútvegsins. Deildinni standa einnig til boða afnot af rannsóknarbátnum Einari í Nesi til kennslu og sýnatöku í Eyjafirði, en báturinn er í eigu útibús Hafrannsóknastofnunarinnar á Akureyri, að ógleymdri fullkominni neðansjávarmyndavél með öllum tilheyrandi tækjabúnaði, þ.m.t. kafbáti með gripörmum til sýnatöku, ljósabúnaði, sónartæki, fjarstýringarbúnaði og ljósleiðarakapli.

B.S. nám á fiskeldissviði er hliðstætt náminu á sjávarútvegssviði en séráfangar eru m.a. fiskeldi, eldistækni, fisksjúkdómar, fiskalífeðlisfræði, fóður- og hráefnisfræði og matvælafræði fiska. Fiskeldissvið nýtur einnig góðs af nánu samstarfi við fiskeldisdeild Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins sem er með rannsóknaraðstöðu við háskólann og við fiskeldisdeild Háskólans á Hólum. Nemendur

AUÐLINDADEILD

sjávarútvegs- og fiskeldisbrautar geta því tekið valnámskeið í fiskeldisgreinum við Hólaskóla. Skólarnir samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna og nýtur HA góðs af sérhæfðri rannsóknaraðstöðu í eldi ferskvatns- og sjávarlífvera að Hólum í Hjaltadal og á Sauðárkróki.

Umhverfis- og orkubraut

Í B.S. námi í umhverfisfræðum er lögð áhersla á vistfræði, efnafræði, vatnafræði, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun svo og umhverfismat og umhverfisskipulag. Leitast er við að nemendur þekki til helstu ferla í náttúrunni þannig að þeir geti metið aðstæður í náttúrunni og áhrif þjóðfélagsins á umhverfi sitt. Lögð er áhersla á vettvangsathuganir í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum en einnig er skógræktar- og rannsóknarjörðin Végeirsstaðir í Fnjóskadal nýtt til vettvangsrannsókna. Megináherslur á orkusviði verða á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. jarðvarma, vatnsafl, sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku, lífmassa o.fl. auk áherslu á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera.

Háskólinn á Akureyri hefur gert samstarfssamninga við ýmsar stofnanir og Akureyrarbæ um rannsóknir og fræðslu á sviði náttúruvísinda, orkurannsókna og auðlinda- og umhverfisfræða ásamt því að skapa nemendum HA í grunn- og framhaldsnámi aðstöðu til að vinna að verkefnum á viðkomandi rannsóknarstofnunum.

Meistaranám í auðlindafræðum

M.S. nám í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknarnám á eftirtöldum fimm fræðasviðum auðlindadeildar: umhverfisfræði, orkufræði, líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldisfræði. Þessi fræðasvið endurspegla faglega sérstöðu, bæði hvað varðar kennslu og rannsóknir. Ekki verða teknir inn fleiri meistaranemar á hverju ári en hægt er að veita viðunandi starfsaðstöðu og að fjármagn sé tryggt í tengslum við meistaraverkefni.

Námið er einstaklingsmiðað og er megináhersla lögð á meistaraverkefnið og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námið tekur tvö ár og er 60 einingar, þar af er sjálft meistaraverkefnið 30–45 einingar.

Námskeiðshluta meistaranámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er, og við erlenda rannsóknarháskóla samkvæmt ákvörðun meistaraprófsnefndar hverju sinni.

Námið fer fram á ensku og býður það upp á stóraukna möguleika í tengslum við kennslu- og rannsóknarsamstarf við erlenda rannsóknarháskóla og rannsóknarstofnanir, m.a. Erasmus Mundus samstarf ESB, háskóla á Norðurlöndunum, samstarf við háskóla í Norður-Ameríku og víðar.

HEILBRIGÐISDEILD

Á haustmisseri 2005 voru samtals 316 nemendur við nám í heilbrigðisdeild. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 124 nemendur á Akureyri og 60 nemendur voru í fjarnámi. Á Akureyri voru 64 nemendur í iðjuþjálfun og 12 í sérskipulögðu námi í Hafnarfirði. Í framhaldsnámi voru 23 nemendur í diplómunámi, 28 í meistaranámi og 5 í meistaranámi í samstarfi við Háskólann í Manchester. Vorið 2005 brautskráðust alls 78 nemendur frá heilbrigðisdeild, þar af 31 með B.S. próf í hjúkrunarfræði, þar af einn úr sérskipulögðu námi í hjúkrunarfræði, 45 með B.S. próf í iðjuþjálfun, þar af 32 úr sérskipulögðu námi í iðjuþjálfun og 2 með meistarapróf í hjúkrunarfræði.

Heilbrigðisdeild er önnur elsta deild Háskólans á Akureyri. Hún hóf starfsemi sína snemma sumars 1987 með ráðningu fyrstu starfsmanna deildarinnar. Kennsla við deildina hófst formlega 7. september 1987. Þetta haust voru innritaðir 13 nemendur í hjúkrunarfræði. Nám í iðjuþjálfun hófst haustið 1997. Í janúar 1997 hófst meistaranám í hjúkrunarfræði við deildina í samstarfi við háskólann í Manchester (University of Manchester). Þessu samstarfi er nú að mestu lokið. Fram að þessu hafa 22 nemendur útskrifast úr náminu með meistarapróf en 5 nemendur eiga eftir að ljúka því. Stofnað var til samstarfs um meistaranám í iðjuþjálfun með samningi um fjarnám við Dalhousie-háskóla í Kanada vorið 1999. Haustið 2002 hóf deildin að þróa framhaldsnám á eigin vegum og árið 2003 var í fyrsta sinn boðið upp á heilsteypt framhaldsnám í heilbrigðisvísindum til meistaragráðu.

Strax í upphafi var áhersla á þverfaglegt nám og rannsóknir við deildina. Með nafngiftinni heilbrigðisdeild var skírskotað til heilbrigðisvísinda í víðum skilningi og stefnt að fjölgun námsbrauta þegar fram liðu stundir. Deildin setti sér það markmið 1991 að taka mið af þörfum samfélagsins hverju sinni í menntun og þjálfun nemenda sinna á sviði heilbrigðismála og heilbrigðisþjónustu.

Fastir starfsmenn heilbrigðisdeildar eru 27, en auk þeirra koma tugir stundakennara að kennslu við deildina. Starfsmenn Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri eru 3 og eiga þeir allir sæti á deildarfundum heilbrigðisdeildar ásamt föstum kennurum deildarinnar og fulltrúum stundakennara og nemenda.

Rannsóknir kennara deildarinnar eru fjölbreyttar og varða mörg svið heilbrigðis og heilbrigðisvísinda. Unnið er m.a. að rannsóknum á heilsutengdum högum eldra fólks í dreifbýli og þéttbýli, á líkamlegri og andlegri líðan krabbameinssjúklinga og tengslum búsetu þeirra við líðan, bjargráð og meðferð. Þá eru rannsóknir í gangi varðandi sykursjúka, tengsl tannholdsbólgu og fyrirburafæðinga, og fæðingarþunglyndi og foreldrastreitu. Aðrar rannsóknir snúa að þátttöku íslenskra hjúkrunarfræðinga í ráðgjöf og forvörnum m.t.t. reykinga og upplifun kvenna og karla með beinþynningu af veikindum sínum. Einnig er unnið að rannsóknum á geðrækt og þjónustu geðsjúkra í heilsugæslunni, og þróunar- og notendarannsóknum sem tengjast sama hópi. Þá er unnið að rannsóknum á gerviliðaaðgerðum, hjartastoppum utan spítala og sjúkraflutningum og sjúkraþjónustu í dreifbýli. Síðasttalda rannsóknarverkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.

Rannsóknir tveggja kennara hafa birst sem sjálfstæð rit á árinu. Önnur er árangur viðamikillar rannsóknar til doktorsprófs á skólaþátttöku íslenskra nemenda með líkamlega fötlun. Hin er afrakstur kennslu og rannsókna á sviði heilbrigðis og samfélags.

Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið.

HEILBRIGÐISDEILD

Heilbrigðisdeild hefur haft að markmiði að hverjum árgangi í heimanámi í hjúkrunarfræði fylgi einn hópur fjarnema. Miðað er við að a.m.k. 10 nemendur hefji námið hverju sinni. Vorið 2002 brautskráðust fyrstu hjúkrunarfræðingarnir sem hafa menntast með þessum hætti. Voru það nemendur sem stundað höfðu nám á Ísafirði og Egilsstöðum. Haustið 2005 eru 11 fjarnemar á fjórða ári í Vestmannaeyjum og á þriðja ári er 15 nemendum kennt til Akraness. Á öðru ári er 5 nemenda hópur á Ísafirði og á haustönn fyrsta árs stundaði 29 manna hópur nám í Reykjanesbæ. Vorið 2005 voru brautskráðir 15 nemendur sem höfðu stundað fjarnám á Selfossi.

Haustið 2003 hófu 48 nemendur sérskipulagt fjarnám í iðjuþjálfun í Hafnarfirði og brautskráðust 32 úr þessum hópi vorið 2005. Gert er ráð fyrir að sérskipulagða náminu ljúki vorið 2006 með útskrift 12 nemenda.

Málþing um öldrun í íslensku samfélagi var haldið 15. apríl 2005 í tengslum við meistaranámskeið í öldrun. Dagana 16. og 17. september var ráðstefna um krabbamein og líknandi meðferð í tengslum við meistaranámskeið með sömu yfirskrift. Samræðuþing um eigindlegar rannsóknir var haldið öðru sinni þann 11. nóvember í tengslum við meistaranámskeið um sama efni. Fyrra samræðuþingið var haustið 2004.

Hjúkrunarfræði

Nám í hjúkrunarfræði er 120 einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar.

Beita hefur þurft fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði undanfarin ár vegna skorts á námsplássum í klínísku námi. Miðað er við 36 nemendur árlega. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Heilbrigðisdeild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina.

Iðjuþjálfun

Nám í iðjuþjálfun er 120 einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjuþjálfun innan heilbrigðis- og félagsþjónustukerfisins, auk þess að veita góða undirstöðu í stjórnun og skipulagningu þjónustu á þessu sviði.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi.

Vettvangsnám er 25 vikur og hefst í lok 2. námsárs.

Ekki er hægt að nema iðjuþjálfun annars staðar hér á landi. Því er lögð áhersla á að mennta iðjuþjálfa til framtíðarstarfa um allt land. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins, jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í þróun og samstarfi er varðar iðjuþjálfun hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Heilbrigðisdeild býður starfandi iðjuþjálfum upp á að ljúka B.S. námi við deildina.

HEILBRIGÐISDEILD

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Haustið 2003 hófst 60 eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við deildina. Námið byggir á þverfaglegum grunni og tekur meðal annars mið af flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar International Classification of Function (ICF) sem skilgreinir útkomu og árangur í ýmsum víddum og veitir umgjörð fyrir samræmingu, rannsóknir og vinnu með skjólstæðingum.

Framhaldsnám í hjúkrunarfræði

Boðið er upp á M.S. nám við hjúkrunarfræðibraut Háskólans á Akureyri í samvinnu við the Royal College of Nursing Institute í Manchester háskóla. Námið er 60 einingar. Námsefnið er á ensku og íslensku. Í janúar 2003 var tekið inn í þetta nám í síðasta sinn vegna tilkomu meistaranáms í heilbrigðisvísindum við deildina.

Framhaldsnám í iðjuþjálfun

Samstarfssamningur milli Háskólans á Akureyri og Dalhousie háskólans í Halifax, Kanada veitir aðgang að fjarnámi til M.S. prófs í iðjuþjálfun. Ýmsir aðrir möguleikar eru á framhaldsnámi fyrir iðjuþjálfa, bæði innan lands og utan.

Heilbrigðisvísindastofnun

Undirritaður var samstarfssamningur við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 7. október 2002. Í framhaldi af því var ákveðið að koma á fót rannsóknarstofnun innan heilbrigðisdeildar sem hlaut nafnið Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA). Háskólaráð samþykkti reglur um HHA þann 20. júní 2003. Fyrstu starfsmenn stofnunarinnar voru ráðnir vorið 2004. Deildarforseti heilbrigðisdeildar gegndi í fyrstu starfi forstöðumanns stofnunarinnar. Með verksamningi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE) í febrúar 2005 tók Heilbrigðisvísindastofnun (HHA) að sér stjórn og yfirumsjón með stórfum heilsuklasa í Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðis. Samhliða því var ráðinn forstöðumaður stofnunarinnar, Bjarni Jónasson.

Vinnan við heilsuklasann er viðamikið verkefni þar sem meginmarkmiðið er að fá fyrirtæki og stofnanir í heilsu- og heilbrigðistengdri starfsemi á Eyjafjarðarsvæðinu og nágrannasveitum til að vinna saman. Með auknu samstarfi þeirra er horft til þess að samnýta þann mannauð, þekkingu og kraft sem til er innan heilbrigðisgeirans til þess að efla núverandi starf, auka nýsköpun og auðvelda framgang nýrra verkefna.

Framtíðarsýn og stefna stofnunarinnar til loka ársins 2007 var samþykkt í nóvember 2005 og var forstöðumanni falin framkvæmd hennar.

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Á haustmisseri 2005 voru 245 nemendur skráðir til náms við félagsvísinda- og lagadeild. Boðið var upp á þriggja ára B.A. nám í fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, sálfræði, lögfræði og nútímafræði. 166 stunduðu nám á sviði félagsvísinda, 63 í lögfræði og 16 í nútímafræði. Kennd voru í fyrsta skipti námskeið á öllum þremur árum í kennslugreinum deildarinnar en deildin hóf starfsemi sína haustið 2003. Námið er alþjóðatengt og kennt er í deildinni bæði á íslensku og ensku. Kennarar við félagsvísinda- og lagadeild í fullu starfi voru 15 auk tveggja verkefnastjóra sem störfuðu við deildina og fjölmargra íslenskra og erlendra stunda-, skipti- og gistikennara.

Vorið 2005 brautskráðust fyrstu nemendurnir frá deildinni. Voru það þrír nemendur sem brautskráðust með B.A. próf í nútímafræði.

Kennarar félagsvísinda- og lagadeildar sinna rannsóknum á ýmsum sviðum hug- og félagsvísinda. Meðal fjölþjóðlegra rannsóknarverkefna á árinu 2005 má nefna rannsókn á staðalímyndum kynjanna í íþróttum sem unnin var með styrk frá Evrópusambandinu og rannsókn á heilsu og lífskjörum skólanema sem unnin var með styrk frá Lýðheilsustöð. Jafnframt unnu kennarar deildarinnar að ýmsum afmarkaðri rannsóknarverkefnum, svo sem könnun á aðstöðu til umönnunar ungbarna með styrk frá jafnréttisráði, rannsókn á áfengisneyslu unglinga með styrk frá Rannís og könnun á tómstundum eldri borgara með styrk frá búsetudeild Akureyrarbæjar. Á árinu 2005 birtust rannsóknarritgerðir eftir kennara deildarinnar í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum á borð við Analysis of Verbal Behavior, Appraisal, Dublin University Law Journal, European Legacy, Hug, Irish Law Times, Nordicum-Mediterraneum, Philosophical Investigations, Skírni, Social Forces, Sociological Spectrum, Substance Use and Misuse og Sögu. Jafnframt birtust tugir bókakafla eftir kennara deildarinnar í innlendum og alþjóðlegum fræðibókum. Á árinu 2005 fluttu kennarar deildarinnar ennfremur fræðileg erindi á vísindaráðstefnum víða um heim, svo sem á Akureyri, í Fíladelfíu, á Hawaii, í Ilulissat, Inari, Kaupmannahöfn, Lundi, Oulu, Riga, Þórshöfn í Færeyjum og Reykjavík. Þá voru haldnar við deildina ráðstefnur um margvísleg efni, svo sem sjálfsstjórn smáþjóða, andúð á gyðingum á Íslandi og áhættuþætti sem stuðla að vímuefnaneyslu unglinga.

Félagsvísinda- og lagadeild er sú deild háskólans sem hefur tekið á móti hvað flestum erlendum skiptinemum og einnig hafa nemendur deildarinnar tekið þátt í Nordplus og Erasmus nemendaskiptum, sérstaklega í Danmörku og Lettlandi. Komið var á fót formlegum samskiptum við University of Guelph í Kanada, University of Rzeszowski í Póllandi og China University of Political Science and Law í Kína. Deildin var einnig aðili að stofnun tímaritsins Nordicum-Mediterraneum á árinu, sem og tekið þátt í fjölda menningaratburða jafnt innan sem utan háskólans.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræðin skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í fjölmiðlafræði til B.A. prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi til að mæta stórfelldum samfélagsbreytingum sem felast m.a. í upplýsingabyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi.

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Samfélags- og hagþróunarfræði

B.A. nám í samfélags- og hagþróunarfræði er nýjung hér á landi. Námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísindanna með áherslu á orsakir og afleiðingar örra þjóðfélagsbreytinga á Íslandi, í öðrum samfélögum á norðurslóðum og í þróunarlöndunum. Meðal umfjöllunarefna eru helstu kenningar og rannsóknir á sviði þjóðfélagsbreytinga, aðferðir tölfræði og vettvangsrannsókna, einkenni náttúrulegs og mannlegs umhverfis, stjórnun byggða- og þróunarmála og starfsemi þróunarstofnana og samtaka. Nemendur fá þjálfun í skipulagningu og framkvæmd rannsókna og framsetningu á rannsóknarniðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn.

Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er m.ö.o. lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. B.A. próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið sálfræðinnar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

Lögfræði

Nám í lögfræði til B.A. prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast hefur við íslenska háskóla fram til þessa. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. B.A. námið nýtist afar vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum heldur hyggjast fremur tengja lögfræði við framhaldsnám í öðrum greinum, til dæmis í alþjóðastjórnmálum og skyldum greinum.

Frá og með haustmisseri 2006 verður boðið upp á tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði sem leiðir til prófgráðunnar magister leges (M.L.). Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A. prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand. jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði þannig að nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við lögfræðistörf, sem dómarar, lögmenn eða lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, s.s. sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér breiðrar menntunar með öflugum grunni í hugvísindum og jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

KENNARADEILD

Við kennaradeild var boðið upp á nám á þremur brautum á haustmisseri 2005, leikskólabraut, grunnskólabraut og framhaldsbraut. Alls voru 538 nemendur skráðir í deildina þar af 189 á leikskólabraut, 187 á grunnskólabraut og 162 á framhaldsbraut, þar af 81 í kennslufræði til kennsluréttinda, 37 í diplómanám og 44 í framhaldsnám til meistaragráðu. Vorið 2005 brautskráðust 119 kandídatar frá kennaradeild.

Fastir kennarar við kennaradeild eru liðlega 20, um 50 stundakennarar og um 140 leik- og grunnskólakennarar víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Kennaradeild tók til starfa árið 1993. Þá voru í fyrsta sinn teknir inn nemendur í grunnskólakennaranám. Haustið 1994 voru í fyrsta sinn teknir inn nemendur í nám til kennsluréttinda. Haustið 1996 hófst leikskólakennaranám í kennaradeild. Kennaradeild var skipt í þrjár brautir árið 2001: grunnskólabraut, leikskólabraut og framhaldsbraut og deildarráð varð til. Nám til meistaragráðu var boðið í fyrsta sinn árið 2002. Árið 2002 ákvað háskólaráð að skólaþróunarsvið sem áður var hluti af RHA yrði starfseining í kennaradeild.

Skipulag deildarinnar hefur reynst vel. Brautir starfa undir stjórn brautarstjóra. Brautarfundir eru grunneiningar deildarinnar og bera ábyrgð á námi og skipulagi þess. Deildarráð starfar í umboði deildarfundar, hefur umsjón með rekstri deildarinnar og fjárhagsstöðu og fjallar um málefni nemenda sem því berast.

Gróska er í rannsóknarstarfsemi og sinna kennarar rannsóknum á mörgum sviðum menntunarfræða, skólastarfs og menntastjórnunar, margir í samstarfi við innlenda og/eða erlenda aðila og nokkrir kennarar eru þátttakendur í fjölþjóðlegum menntanetum. Erlendir skiptikennarar sóttu deildina heim, nokkrir nemendur kennaradeildar voru skiptinemar við erlenda háskóla og erlendir skiptinemar stunduðu nám við kennaradeild.

Á árinu 2005 lauk nefnd um nýskipan kennaramenntunar í kennaradeild störfum en formaður hennar var Trausti Þorsteinsson forstöðumaður skólaþróunarsviðs. Verkefni nefndarinnar var að kynna sér skýrslur um kennaramenntun og fjölda leik- og grunnskólakennara, breytingar á námsskipan til stúdentsprófs og önnur nýleg gögn um kennaramenntun á Íslandi og semja drög að ályktun deildarinnar um lengingu kennaranáms. Til þess var einnig ætlast að vinna nefndarinnar legði grunn að frekari stefnumótunarvinnu fyrir kennaradeild. Það var skoðun nefndarinnar að kennaranám ætti að lengja í fimm ár og kennari yrði að ljúka B.Ed. prófi og M.Ed. prófi til að fá full réttindi. Skýrsla nefndarinnar var rædd á deildarfundi þ. 22. júní 2005 og samþykkt að hún yrði grunnur að frekari stefnumótunarvinnu.

KENNARADEILD

Grunnskólabraut

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára B.Ed.nám í grunnskólakennarafræði. Í námi á grunnskólabraut er fjallað um kennslugreinar grunnskólans og kennslufræði þeirra ásamt uppeldisgreinum sem kennurum eru nauðsynlegar. Sérstök rækt er lögð við verklega þjálfun kennaraefna með löngu samfelldu vettvangsnámi og eflingu gagnrýninnar hugsunar. Á fyrsta ári sækja allir nemendur sömu námskeið en eftir það eru í boði fjögur kjörsvið: yngri barna svið, hugvísinda- og tungumálasvið, raunvísindasvið og myndmenntasvið. Kennslu á myndmenntasviði sækja nemendur að mestu í viðkomandi sérskóla, Myndlistaskólann á Akureyri.
Nám í nútímafræði, sjá félagsvísinda- og lagadeild, er metið sem ígildi kjörsviðs á grunnskólabraut.
Kennsla á grunnskólabraut fer bæði fram í staðnámi og fjarnámi. Námskeiðslýsingar eru þær sömu og fjöldi námseininga sá sami. Námstíma í fjarnámi er deilt á fjögur ár í stað þriggja í reglubundnu staðnámi. Í fjarnámi er aðeins ein námsleið, þ.e. ekki er val um kjörsvið.

Leikskólabraut

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára B.Ed. nám í leikskólakennarafræði. Á leikskólabraut eru kennd leikskólafræði, listir, uppeldisgreinar og umhverfis- og náttúrufræði. Áhersla er lögð á vettvangsþjálfun í leikskólum. Í náminu er lögð áhersla á starfshætti leikskólans og gildi leiks sem náms- og þroskaleiðar barna, umhverfi og náttúru og sömuleiðis er lögð rækt við listir og tengsl þeirra í milli og við aðra þætti í leikskólastarfi. Einnig er lögð áhersla á að nemandi geti séð tengsl á milli ólíkra þátta í leikskólastarfi og tengt þá fræðilegri þekkingu.
Nokkur námskeið á fyrsta og öðru ári eru samkennd með grunnskólabraut.
Kennsla á leikskólabraut fer einnig fram í fjarnámi. Námskeiðslýsingar eru allar þær sömu og í reglubundnu námi og fjöldi námseininga sá sami. Námstíma er deilt á fjögur ár í stað þriggja og hverju ári skipt niður á þrjú kennslumisseri í stað tveggja.

Framhaldsbraut

Á framhaldsbraut eru tvær námsleiðir.
Diplómu- og meistaranám hófst við kennaradeild haustið 2000. Námið er ætlað kennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem vilja leggja stund á rannsóknir eða önnur störf sem krefjast framhaldsmenntunar og einnig þeim sem vilja auka þekkingu sína í núverandi starfi. Í boði eru þrjú sérsvið: rekstur skólastofnana, sérkennslufræði og stjórnun, auk einstaklingssniðins náms. Unnt er að stunda 15 eininga nám, 30 eininga diplómunám, Dipl.Ed. og 60 eininga meistaranám, M.Ed.
Leiðarstef námsins eru gagnrýnin hugsun og ígrundað starf.
Nám í kennslufræði til kennsluréttinda er ætlað þeim sem lokið hafa háskólanámi, listnámi eða hafa meistararéttindi í iðngreinum, o.fl. Markmið námsins er að mennta þá sem lokið hafa námi í faggrein sinni í uppeldis- og kennslufræðum. Námið hófst haustið 1994 og er næstelsta námsleið innan kennaradeildar. Námið er ýmist 15 einingar sem teknar eru á einu skólaári eða 30 einingar sem dreifast á tvö ár. Inntaka nemenda og kröfur um einingafjölda til kennsluréttinda fara eftir lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

KENNARADEILD

Skólaþróunarsvið

Við kennaradeild er starfrækt skólaþróunarsvið sem hefur eflst jafnt og þétt. Sviðið er farvegur þekkingar út í hið daglega skólastarf, en meginviðfangsefni þess lúta að ráðgjöf við kennara og skólastjóra í leik- og grunnskólum við hvers konar þróunar- og umbótastörf í skólum. Sviðið hefur forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, stendur fyrir rannsóknum á skólastarfi og annast fræðslu til starfandi kennara.

Skólaþróunarsvið hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri og víðar á Norðurlandi. Auk þessa hefur á vegum skólaþróunarsviðs verið unnið að skólatengdum verkefnum víða um land, allt frá stuttum fræðslufundum til verkefna sem staðið hafa yfir heilt skólaár. Í aprílmánuði ár hvert stendur skólaþróunarsvið fyrir ráðstefnu um eitthvert tiltekið viðfangsefni og fær fyrirlesara víða að sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu.

Starfsemi skólaþróunarsviðs hefur orðið æ mikilvægari þáttur í starfsemi kennaradeildarinnar. Innan sviðsins hefur orðið mikil uppbygging margvíslegrar þekkingar, t.d. um samskipti heimilis og skóla og lestur og lestrarkennslu. Á árinu 2005 vann skólaþróunarsvið að ýmsum skólaþróunarverkefnum ásamt kennurum og skólastjórum í leik- og grunnskólum víða um land. Verkefnin beindust einkum að lestrarkennslu, foreldrasamstarfi, vinnu með yngstu börnum í leikskólum, einstaklingsmiðuðu námi, almennri skólaþróun og fleiri þáttum. Skólaþróunarsvið veitti kennurum leik- og grunnskóla einstaklingsbundna kennsluráðgjöf, ráðgjöf við innra mat og fræðslu af ýmsu tagi. Þá hafði skólaþróunarsvið úttekt með höndum á skóla- og æskulýðsstarfi í Vestmannaeyjum og vann með skólanefnd Akureyrarbæjar að mótun skólastefnu bæjarins og stóð að ýmsum matsverkefnum fyrir hönd skóladeildar. Auk ofangreinds stóð skólaþróunarsvið fyrir fjórum ráðstefnum: Læsi á 21. öldinni – Hvar stöndum við? Hvert stefnum við, Söguaðferðin á Íslandi – Framsækni í námi og kennslu, Put a saga on your screen – ráðstefna fyrir enskukennara og Skráningar og kubbar.

Auk forstöðumanns eru fjórir fastir starfsmenn á skólaþróunarsviði en fjölmargir aðrir starfsmenn vinna við einstök verkefni á vegum þess og eru kennarar kennaradeildar meðal þeirra.

Trausti Þorsteinsson er forstöðumaður skólaþróunarsviðs.

UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

Á haustmisseri 2005 voru 24 nemendur skráðir til náms við upplýsingatæknideild. Háskólaráð tók þá ákvörðun um mitt ár að innrita ekki nýja nemendur í deildina á árinu 2005 en rekstrargrundvöllur deildarinnar var búinn að vera ótryggur. Vorið 2005 voru brautskráðir þrír nemendur frá deildinni.

Upplýsingatæknideild hóf starfsemi sína haustið 2001 í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og í samvinnu við óformleg samtök tölvu- og upplýsingatæknifyrirtækja á Akureyri. Kennsla fer öll fram á ensku, en það gerir deildinni kleift að bjóða erlendum nemendum að nema við deildina og einnig eykur það hæfni íslenskra nemenda og undirbýr þá betur undir störf eða framhaldsnám erlendis.

Vorið 2005 kynntu nemendur forritunarverkefni sem þeir höfðu unnið um veturinn. Að þessu sinni var um þrjú verkefni að ræða: IceHead forritið sem er þróað til að hjálpa fólki að læra íslenska hljóðfræði með því að sýna hvernig hljóð er myndað. Hljóðmyndunin er sýnd með videomynd, texta og mynd af hreyfingu talfæra. Mood Fish sem er leikur sem byggir á biofeedback-tækni (tækni til að fylgjast með ósjálfráðri líkamsstarfsemi). Leiknum er stjórnað með tæki sem mælir mótstöðu í húðinni á hendi þess sem stjórnar. RIP sem er forrit sem hannað er til að aðstoða stjórnendur sjálfboðaliðasveita við að búa til björgunarhópa sem henta því verkefni sem kemur upp hverju sinni. Forritið heldur utan um upplýsingar um þá sem eru á staðnum og gerir tillögu að samsetningu hóps.

Á árinu 2005 heimsóttu deildina tveir gestafyrirlesarar, dr. Colin Higgins og dr. Amanda Elliot, og störfuðu bæði að kennslu og rannsóknum.

Fram var haldið málstofuferli í boði Iceland Express og komu af því tilefni fræðimenn frá mörgum Evrópulöndum. Málstofa um góða starfshætti í hönnun námskeiða og mati á þeim fór fram í júní á vegum Derek Cox frá Háskólanum í Leicester, en hann er sérfræðingur í aðferðafræði kennslu og rannsókna á háskólastigi.

Til að tryggja að prófgráða deildarinnar uppfylli alþjóðlega staðla hefur verið ráðinn utanaðkomandi prófdómari frá Háskólanum í Nottingham. Hann staðfesti á árinu að nám við deildina uppfyllti alþjóðlega staðla, bæði varðandi námsefni og námsmat.

Auk samstarfs við Háskólann í Nottingham er deildin í samstarfi við Robert Gordon Háskólann í Bretlandi og jafnframt var byrjað að undirbúa samstarf við Háskólann í Amsterdam.

Tölvunarfræði

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára B.S. nám í tölvunarfræði. Námið fer að mestu fram á ensku. Nemendur í tölvunarfræðum hafa sérstakt tölvuver þar sem stór hluti kennslunnar fer fram. Einnig hafa þeir aðgang að tölvuverinu til verkefnavinnu utan kennslustunda.

Lögð er áhersla á forritun, kerfishönnun, gagnagrunna, stýrikerfi og raunhæf verkefni, m.a. í samstarfi við upplýsingatæknifyrirtæki. Námið veitir góðan faglegan grunn í tölvunarfræðum og gerir nemendur færa í að þróa kerfi til lausnar á hagnýtum vandamálum í hinum ýmsu geirum atvinnulífsins. Mikil áhersla er lögð á verklegan þátt námsins og fást nemendur við hagnýt verkefni samhliða fræðilegu námi. Námið veitir ítarlegan skilning á tölvum, samsetningu þeirra og virkni.

VIÐSKIPTADEILD

Á haustmisseri 2005 voru 298 nemendur skráðir til náms við viðskiptadeild. Hátt hlutfall fjarnemenda er við deildina eða 69%. Innritaðir voru 130 nýnemar á haustmisseri 2005. Boðið var upp á þriggja ára 90 eininga B.S. nám í viðskiptafræðum. Fjórar námsleiðir voru í boði, ferðaþjónusta, fjármál, stjórnun og markaðsfræði.

Nemendur skiptast þannig á námsbrautir og milli staðar- og fjarnema.

	Staðarnemar	Fjarnemar	Alls
Viðskiptafræði - Ferðaþjónusta	16	12	28
Viðskiptafræði - Fjármál	18	66	84
Viðskiptafræði - Stjórnunarfræði	35	83	118
Viðskiptafræði - Markaðsfræði	21	41	62
Eldra námsskipulag	3	3	6
Samtals	**93**	**205**	**298**

Vorið 2005 brautskráðist 71 nemandi frá viðskiptadeild.
Á árinu var framhaldið samstarfi við Símenntun. Rekstrar- og viðskiptanámið, námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn og námskeið fyrir starfsmenn og þátttakendur í launþegafélögum hafa að mestu verið kennd af starfsmönnum viðskiptadeildar.

Starfsmenn deildarinnar á árinu 2005 voru 18 í 14,3 stöðugildum. Auk þess komu fjölmargir stundakennarar að kennslu og handleiðslu nemenda.

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanförnum árum verið all afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstökum bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnritum.

Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa sótt nám erlendis að hluta á vegum Erasmus og Nordplus.

Viðskiptadeild gegnir leiðandi hlutverki í Leonardo verkefninu.
Cross-cultural curriculum for European Regions and their Students (CEReS). Verkefnið hófst 2004 og stendur í tvö ár. Þátttakendur eru háskólar í fjórum Evrópulöndum, sem eru auk Íslands, Búlgaría, Pólland og Svíþjóð, auk breska rannsóknarfyrirtækisins InterAct og Útflutningsráðs Íslands. CEReS verkefnið felur í sér fjögur meginmarkmið: að aðildarháskólarnir kynni sér framboð fjölmenningarfræða í sínum heimalöndum; að gerð verði könnun meðal 50 fyrirtækja í hverju aðildarríki varðandi erlend viðskipti með áherslu á menningar- og/eða tungumálaþröskulda; að í hverju aðildarlandi verði tekin viðtöl við forsvarsmenn fyrirtækja í erlendum samskiptum; að hannað verði námsefni til að mæta þörfum viðskiptalífsins, með sérstakri vísun til þeirra þriggja þátta sem að framan greinir.

Fyrstu þremur verkþáttunum er nú lokið og fjórði þáttur í vinnslu. Fyrirhugað er að tilraunakenna námsefnið í Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Bialystok í Póllandi á vorönn 2007.

Viðskiptadeild stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu 2005, Stjórnunarhættir íslenskra fyrirtækja og Stjórnun þjónustugæða . Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum deildarinnar á árinu: Þekkingarstjórnun í íslenskum fyrirtækjum, Þróun ferðamannastaða í óbyggðum, Menningarstraumar og menntakerfi, Sjávarútvegsfyrirtæki á íslenskum hlutabréfamarkaði, Þróun mannauðs í ferðaþjónustu: samanburður á Íslandi og Skotlandi, Íslenskir skólastjórnendur 2005, Stjórnunarhættir íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja, CEReS: Skipulag, tækni og framkvæmd starfsmenntatengds Evrópuverkefnis á sviði fjölmenningar, Mikilvægi þjónustugæða – frumniðurstöður úr könnun hjá fyrirtækjum innan samtaka ferðaþjónustunnar, Mat á kennsluaðferðum: Árangur hjá fjarnemum og staðarnemum í Háskólanum á Akureyri og Stærð og q hlutfall á hlutabréfamarkaði.

VIÐSKIPTADEILD

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára B.S. nám í viðskiptafræði. Námið er hagnýtt og felst í að mennta einstaklinga til stjórnunarstarfa, m.a. með þjálfun í faglegum vinnubrögðum við stefnumótun, ákvarðanatöku og stjórnun. Samhliða eru nemendur þjálfaðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi. Í grunninn fá allir nemendur sambærilega menntun á sviði viðskiptafræða, en geta svo valið að leggja áherslu á fjármál, stjórnun, ferðaþjónustu eða markaðsfræði. Bæði er boðið upp á staðarnám og fjarnám.

Ferðaþjónustubraut
Á ferðaþjónustubraut eru námskeið um skipulag ferðamannastaða, áhrif ferðaþjónustu á samfélagið og umhverfið, lög og reglur í ferðaþjónustu og neytendahegðun í ferðaþjónustu. Áhersla er á ferðaþjónustu sem atvinnugrein og Ísland sem ferðamannaland í stórum heimi. Nemendur sem ljúka námi af ferðaþjónustubraut eru menntaðir til að sinna stjórnunarstörfum innan ferðaþjónustunnar.

Mjög góð samvinna er á milli ferðaþjónustubrautar og Ferðamálaseturs Íslands sem staðsett er við Háskólann á Akureyri. Ferðamálasetrið er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. Einnig er samstarf við Ferðamálaráð Íslands, Háskóla Íslands og Hólaskóla um kennslu og rannsóknir.

Ferðaþjónustusvið leggur mikla áherslu á markaðsfræði, s.s. gerð markaðsáætlana, þjónustumarkaðsfræði og kynningarstarf.

Fjármálabraut
Á fjármálabraut er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Kennd er fjármálastjórnun, hagnýt stærðfræði, hagrannsóknir, þjóðhagfræði og verðbréfalögfræði.

Markaðsfræðibraut
Á markaðsfræðibraut er farið yfir aðferðir til markaðsgreiningar, gerð markaðs- og kynningaráætlana og þjónustumarkaðsfræði. Að auki eru m.a. kennd námskeið í vöruþróun, áætlanagerð, rekstrarhagfræði, rekstrarbókhaldi og framleiðslu.

Nemendur sem ljúka námi af markaðsfræðibraut hafa m.a. góða þekkingu til að stjórna stefnumótun og markaðsstarfi fyrirtækja, innanlands sem erlendis.

Stjórnunarbraut
Á stjórnunarbraut er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna almennum stjórnunarstöðum í millistórum og stórum fyrirtækjum. Fjallað er m.a. um skipulagsheildir, starfsmannastjórnun, gæðastjórnun og þekkingarstjórnun ásamt hefðbundnum grunngreinum rekstrarfræðinnar. Auk þess er kennd almenn fjármálastjórnun, áætlanagerð og rekstrarbókhald.

KENNSLUSVIÐ

Lögheimili nemenda á haustmisseri 2005



Lögheimili	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Norðvestur	39	152	191	12,56%
Norðaustur	212	597	809	53,19%
Suður	24	178	202	13,28%
Suðvestur	25	130	155	10,19%
Reykjavík	39	118	157	10,32%
Erlendis	4	3	7	0,49%
Samtals	**343**	**1178**	**1521**	**100,00%**

Nemendafjöldi eftir deildum

	2001			2002			2003			2004			2005		
Deild	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**
Auðlindadeild				35	31	66	59	33	92	63	54	117	49	51	100
Félagsvísinda- og lagadeild							51	60	111	76	115	191	93	152	245
Heilbrigðisdeild	7	209	216	6	210	216	5	319	324	4	308	312	10	306	316
Kennaradeild	43	286	329	63	382	445	54	434	488	76	480	556	80	458	538
Viðskiptadeild	141	175	316	135	159	294	141	221	362	109	190	299	90	208	298
Sjávarútvegsdeild	31	2	33	12	1	13	3	0	3	0	0	0	0	0	0
Upplýsingatæknideild	22	7	29	28	7	35	38	12	50	36	5	41	21	3	24
Samtals	**244**	**679**	**923**	**279**	**790**	**1069**	**351**	**1079**	**1430**	**364**	**1152**	**1516**	**343**	**1178**	**1521**

Nemendafjöldi eftir deildum



KENNSLUSVIÐ

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Fulltrúar á kennslusviði annast m.a. almenna afgreiðslu og upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða, innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans og prentun snjallkorta.

Kennslusvið annast jafnframt innritun nýnema og skráningu nemenda í og úr námskeiðum og prófum.

Deildarskrifstofur háskólans heyra undir kennslusvið. Þeirra hlutverk er að annast skipulag á daglegu starfi í kennsludeildum háskólans í samstarfi við deildarforseta. Í þessu felst m.a. frágangur á nám- og kennsluskrá og kennsluskiptingu, stundarskrárgerð, skráning upplýsinga um námsframvindu nemenda og prentun prófskírteina.

Á árinu 2005 voru skráningar nemenda í/úr námskeiðum færðar yfir í rafrænt form og gert ráð fyrir því að tekið verði við umsóknum með rafrænum hætti vorið 2006.

Áfram var unnið að stefnumótun innan sviðsins. Árlegur starfsdagur kennslusviðs var haldinn að Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit í september, fjallað var um þjónustugæði og árangursviðmið. Einkunnarorð sviðsins voru skilgreind en þau eru: þjónustulund, ábyrgð, samvinna, jákvæðni og metnaður.

Prófhald

Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi, einkunnaskilum og skráningu einkunna. Próftímabil eru fimm talsins. Reglulegar próftíðir eru í desember og maí, sjúkra- og endurtökupróf eru í byrjun janúar- og júnímánaða, loks gefst nemendum tækifæri til þess að þreyta próf í öllum námskeiðum skólaársins í ágúst. Samtals voru 7750 próf þreytt við háskólann á árinu 2005.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi heyrir undir kennslusvið. Markmið starfsins er í megindráttum þríþætt:

- Að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi.
- Að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi.
- Að veita nemendum persónulega ráðgjöf, m.a. varðandi námsframvindu og einkalíf.

Á vegum námsráðgjafar voru haldin tvö námskeið á haustmisseri 2005. Annars vegar var um að ræða 8 tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi. Kennari var Solveig Hrafnsdóttir námsráðgjafi. Hins vegar var boðið upp á 6 tíma námskeið um prófkvíða. Kennari á prófkvíðanámskeiðinu var Elín Díanna Gunnarsdóttir sálfræðingur og lektor við heilbrigðisdeild HA. Námskeiðahald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms.

Fastir starfsmenn kennslusviðs eru 12.

Hlutverk rannsókna- og alþjóðasviðs er í meginatriðum þríþætt:

- Að skapa umhverfi sem styður og hvetur starfsmenn til rannsókna. Í þessu felst umsýsla rannsókna og ráðgjöf varðandi styrkumsóknir og aðferðafræði.
- Að skapa umgjörð fyrir starfsfólk og nemendur háskólans til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Í þessu felast m.a. nemenda- og kennaraskipti.
- Að veita ráðgjöf varðandi ráðstefnuhald og hafa umsjón með ráðstefnuhaldi.

Erlendir og innlendir gestir og ráðstefnur

Percy Westerlund, sendiherra og yfirmaður fastanefndar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gagnvart Íslandi og Noregi, kom í heimsókn til Háskólans á Akureyri 3. febrúar. Haldinn var sérstakur kynningarfundur fyrir sendiherrann þar sem deildarforsetar kynntu starfsemi háskólans. Að lokinni heimsókn var húsnæði háskólans skoðað. Fastanefnd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gagnvart Íslandi og Noregi er staðsett í Osló. Henni var komið á fót árið 1987 og er hún fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB gagnvart stjórnvöldum á Íslandi og í Noregi, tveggja samstarfsríkja sem hafa umfangsmikil efnahagsleg tengsl við Evrópusambandið.

Forseti Íslands, hr Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff heimsóttu háskólann 11. apríl. Heimsóknin var hluti af opinberri heimsókn forsetans til Akureyrar. Í heimsókninni tók forsetinn þátt í málþingi sem bar yfirskriftina Menntun og nýsköpun: byggðastefna nýrrar aldar. Auk forsetans héldu þar eftirtaldir erindi: Þorsteinn Gunnarsson rektor, Steinar Rafn Beck meistaranemi við HA, Andrea Hjálmsdóttir nemandi við HA, Halldór Jónsson forstjóri FSA og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri. Á málþinginu hélt forsetinn erindi um þróunarmál á norðurslóðum og lagði sérstaka áherslu á stjórnun og svæðaþróun.

Á vettvangi Rannsóknaþings norðursins var haldin viðamikil vinnusmiðja sem bar nafnið Northern Economies. Hún var haldin í Oulu í Finnlandi 20.–22. maí. Auk háskólans stóðu eftirfarandi stofnanir að vinnusmiðjunni: Rannsóknaþing norðursins, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Háskólinn í Anchorage, Thule stofnunin í Oulu og Háskólinn í Oulu. Norræna ráðherranefndin lagði fram fjármagn sem gerði skipuleggjendum mögulegt að standa myndarlega að fundinum. Megináhersla fundarins var að leiða saman sérfræðinga á sviði hagfræði norðurslóða. Á fundinum skiptust menn á skoðunum og reyndu að kortleggja stöðu hagfræðinnar á norðurslóðum. Niðurstöður og skýrsla fundarins verða lagðar fram á 4. Rannsóknaþingi norðursins sem haldið verður 5.–8. október 2006 í Oulu, Luleå og Torneo/Happaranda.

Nemendaskipti

Sem fyrr eru nemendaskipti mikilvæg í starfsemi rannsókna- og alþjóðasviðs. Nemendur taka hluta af sínu námi við erlenda samstarfsskóla HA og einnig fær háskólinn erlenda nemendur til lengri eða skemmri tíma, sem auðgar starfsemi hans til mikilla muna. Alls dvöldu 36 erlendir skiptinemendur við skólann á árinu 2005. Þeir skiptust þannig eftir þjóðernum: sex frá Svíþjóð, sex frá Danmörku, fimm frá Finnlandi, fjórir frá Rússlandi, þrír frá Belgíu, þrír frá Þýskalandi, þrír frá Bandaríkjunum, og frá hverju landi fyrir sig kom einn nemandi: Austurríki, Frakklandi, Ítalíu, Hollandi, Kanada og Kína.

RANNSÓKNA- OG ALÞJÓÐASVIÐ

Alls voru 27 nemendur skólans skiptinemar við erlenda háskóla á árinu 2005. Þeir fóru til eftirtalinna landa: tíu til Danmerkur, átta til Lettlands, fjórir til Svíþjóðar, tveir til Rússlands, einn til Noregs, einn til Austurríkis og einn til Finnlands.

Rannsóknir

Rannsóknamatskerfi hefur verið starfrækt í núverandi mynd frá 15. maí 2001 og eru kerfinu gerð skil í stofnanasamningi Háskólans á Akureyri og Félags háskólakennara á Akureyri. Matskerfið gerir það mögulegt að fylgjast með þróun rannsókna við háskólann og sýna hver rannsóknavirkni starfsmanna er á milli ára. Matskerfið gerir ráð fyrir að m.a. verði eftirfarandi metið: vísindalegar útgáfur, tilvitnanir, listsköpun og hönnun, þátttaka og virkni í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi og fleira. Jafnframt hefur matskerfið gert það mögulegt að taka saman ritaskrá sem hefur verið gefin út frá árinu 2002.

Rannsóknastig kennara 1999-2005



Meðalrannsóknastig kennara 1999-2005



Á árinu fengu eftirtaldir hæfisdóma:

Anna Ólafsdóttir, lektor við kennaradeild
Anna Ingeborg Pétursdóttir, gistilektor við félagsvísinda- og lagadeild
Emil Ragnarsson, lektor við auðlindadeild
Eygló Björnsdóttir, lektor við kennaradeild
Eyjólfur Guðmundsson, dósent við viðskiptadeild
Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor við kennaradeild
Joan Nymand Larsen, gistilektor við félagsvísinda- og lagadeild
Jón Þórarinn Þór, rannsóknaprófessor við auðlindadeild
Kamilla Rún Jóhannsdóttir, lektor við félagsvísinda- og lagadeild
María Steingrímsdóttir, lektor við kennaradeild
Oddur Vilhelmsson, dósent við auðlindadeild
Sigurður Kristinsson, dósent við félagsvísinda- og lagadeild
Timothy John Murphy, gistilektor við félagsvísinda- og lagadeild

SAMSKIPTAMIÐSTÖÐ

Starfsmenn samskiptamiðstöðvar hafa umsjón með tölvukerfi háskólans, upplýsinga- og kennslukerfum, gagnagrunnum og tölvuverum, auk þess sem þeir veita notenda- og tækniþjónustu við fjarnám. Þjónustuborð samskiptamiðstöðvar er gagnasmiðja og er það fyrsti viðkomustaður þeirra sem þurfa á tæknilegri aðstoð að halda. Þar er einnig tölvuver sem búið er sérhæfðum tölvu-, tækja- og hugbúnaði og aðgengi að starfsmönnum sem veita nemendum og starfsmönnum leiðsögn í notkun upplýsingatækni við nám, kennslu og rannsóknir.

Meðal þess sem hæst bar á árinu 2005 var að endurnýjaðar voru tölvur í tölvuveri nemenda í Þingvallastræti og keyptir voru öflugir netþjónar fyrir tölvuver og tölvur í upplýsingatæknideild sem hefur aðsetur í rannsóknahúsinu Borgum. Netþjónarnir keyra á Linux stýrikerfi og eru hluti af þróunarverkefni sem miðar að því að öðlast meiri þekkingu á Linux umhverfinu, en það er í harðri samkeppni við Microsoft og opnar ýmsar leiðir varðandi sk. Open source hugbúnað sem hægt er að nálgast án endurgjalds á netinu. Vonast er til að þessi aðgerð verði til þess að í framtíðinni muni kostnaður við hugbúnaðarkaup lækka.

Annað markvert er að gerður var samningur við Skýrr hf. um rekstur og þjónustu við kennslukerfið WebCT sem áður var rekið í samstarfi við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Yfirfærsla kerfisins gekk að óskum og rekstur þess hefur verið stöðugur frá upphafi samstarfsins við Skýrr. Að lokum var hafin þróun á innra upplýsingakerfi fyrir starfsmenn með það að markmiði að auka upplýsingagjöf til starfsmanna og auðvelda þeim aðgengi að gögnum sem telja má til starfsmannamálefna og innri boðskipta.

Markaðs- og kynningarmál 2005

Á vormisseri heimsótti kynningarfulltrúi flesta framhaldsskóla landsins ásamt fulltrúum frá þeim deildum háskólans sem talið var að þyrftu á aukinni kynningu að halda. Haldin var sameiginleg kynning í Borgarleikhúsinu með öðrum háskólum landsins að undanskildum Háskóla Íslands. Var þetta í fyrsta sinn sem þetta fyrirkomulag var haft, en samstarfið gekk vonum framar og ákveðið var að hafa þetta svona áfram. Haldnar voru sameiginlegar kynningar með sömu háskólum á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

Til viðbótar við þetta voru birtar auglýsingar um námsframboð í dagblöðum og skólablöðum framhaldsskólanna, sendur var markpóstur til stúdentsefna og kynningarfulltrúi tók á móti fjölmörgum hópum fyrir hönd skólans. Gert var átak til að kynna framhaldsnám í kennaradeild og heilbrigðisdeild með markpósti, auk þess sem tölvunarfræði var auglýst sérstaklega í dagblöðum og útvarpi.

UPPLÝSINGA- OG GÆÐASTJÓRNUNARSVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn og annaðist útgáfumál háskólans fram í mars 2005 en þá var sviðinu falið að annast gæðamál háskólans, hafa umsjón með innleiðingu rafræns skjalakerfis við háskólann og bera ábyrgð á sérsöfnum hans. Við þetta var nafni sviðsins breytt í upplýsinga- og gæðastjórnunarsvið. Fastráðnir starfsmenn á sviðinu voru sex talsins í árslok 2005 í 5,6 stöðugildum. Einn starfsmaður í fullu starfi var í tímabundnu verkefni sem styrkt var af Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra og tveir nemendur unnu á bókasafninu yfir vetrartímann, samtals í einu stöðugildi.

Bókasafnið hefur lagt áherslu á að geta boðið aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið háskólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum.

Á bókasafninu er lögð áhersla á þjónustu við fjarnema og lagt til grundvallar að þeir skuli njóta sömu þjónustu og nemendur í staðarnámi. Því hefur bókasafnið m.a. komið upp gagnasafninu Hlöðunni sem geymir skannað lesefni vegna valinna, fjarkenndra námskeiða við háskólann að því tilskildu að greitt hafi verið til höfunda fyrir birtinguna skv. samningi við Fjölís, hagsmunasamtök höfunda. Hlaðan geymir einnig próf sem tekin hafa verið við háskólann á undangengnum þremur árum. Hlaðan er fyrsta gagnasafn sinnar tegundar á landinu og hefur verið afar vel tekið meðal nemenda.

Unnið hefur verið að því að koma útgáfumálum háskólans í fastar skorður og í því skyni var settur á stofn útgáfusjóður sem hefur það hlutverk að veita útgáfustyrki og útgáfulán að öllu leyti eða að hluta til vegna rita sem gefin eru út á vegum forlags háskólans. Sem fyrr hefur verið samstarf við Háskólaútgáfuna í Reykjavík og annast hún dreifingu á flestum ritum Háskólans á Akureyri.

Unnið var að því á árinu að skilgreina formlegt gæðakerfi fyrir háskólann en það hefur ekki verið gert áður. Skipaður var starfshópur í því skyni og var honum einnig ætlað að semja verkáætlun í gæðamálum til næstu þriggja ára. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í júní þar sem gerð var grein fyrir starfi hópsins fram að þeim tíma og því verki sem framundan var.

Á árinu var gerð stofnanaúttekt á háskólanum sem IMG Ráðgjöf annaðist fyrir menntamálaráðuneytið og var forstöðumaður upplýsingasviðs tengiliður við úttektaraðilana. Sjónum var einkum beint að því hvort háskólinn uppfyllti ákvæði laga og samnings um kennslu og rannsóknir. Kannað var framboð og eftirspurn eftir námi, samsetning nemendahópsins, brautskráning nemenda, afdrif þeirra að loknu námi og menntun kennara við háskólann. Í tengslum við könnunina fór fram umfangsmikil gagnasöfnun innan háskólans auk þess sem gerð var könnun á afdrifum brautskráðra nemenda. Niðurstöður úttektarinnar voru háskólanum í ýmsum tilvikum jákvæðar en einnig komu þar fram gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara.

Á árinu 2005 starfaði vinnuhópur að því að gera tillögur að innleiðingu á rafrænni skjalastjórn við Háskólann á Akureyri. Aukið magn upplýsinga kallar á að þær séu meðhöndlaðar á einfaldan og aðgengilegan hátt og að tekið sé tillit til öryggismála og gildandi lagaákvæða. Vinnuhópnum var gert að tryggja kerfisbundna skjalastjórnun í öllum háskólanum og að alþjóðlegum stöðlum um meðferð og vistun skjala yrði fylgt. Vinnuhópurinn skilaði háskólaráði áfangaskýrslu í ágúst 2005 þar sem lagt var til að háskólinn keypti GoPro.net hugbúnaðinn frá Hugviti og var það samþykkt.

FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

FSHA, félag stúdenta við Háskólann á Akureyri, var stofnað árið 1987. Það er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann á Akureyri og jafnframt málsvari allra háskólastúdenta. Félagið fer með þau mál er varða hagsmuni jafnt innan skóla sem utan. Til að mynda gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á málefni stúdenta. Allir nemendur við háskólann verða sjálfkrafa félagar við greiðslu innritunargjalda.

Nemendur létu til sín taka í hagsmunamálum sínum á árinu. Má þar nefna baráttu þeirra fyrir framtíð laganáms við skólann. Stjórn Þemis, félags laganema við HA afhenti í nóvembermánuði Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra áskorun um að tryggja grundvöll laganáms við HA. Félagslíf nemenda var fjölbreytt og má nefna fjölskyldudaga þar sem boðið var m.a. upp á kvikmyndasýningar og skautaferð, sprellmót, „roadtrip", grímuball og dorgveiðimót. Einnig skipulögðu deildarfélögin vísindaferðir.

FSHA tekur jafnan þátt í að skipuleggja og koma að velgengnisviku sem er sérstök kynningarvika sem hefur það að markmiði að undirbúa nýnema fyrir nám og starf í háskóla. Þar eru tölvuumhverfi og þjónusta við nemendur kynnt samhliða því að nemendur vinna saman og kynnast eldri nemendum og starfsfólki. Boðið er upp á hagnýt undirbúningsnámskeið auk hópeflis og ætlast er til að allir nýnemar noti sér þessa daga til að undirbúa sig fyrir háskólanámið. Velgengnisvika var haldin í fimmta sinn á árinu 2005.

Á starfsárinu 2005–2006 var unnið að tillögum um gjörbreytta stjórnskipan félagsins með það að leiðarljósi að efla annars vegar félagslíf stúdenta við HA og hins vegar hagsmunabaráttu þeirra. Stjórnin taldi vænlegast að FSHA væri fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta og allt skemmtanahald yrði látið í hendur skemmtinefndar auk þess sem fulltrúum í FSHA yrði fjölgað úr sex í níu.

Stjórn FSHA starfsárið 2005-2006
Elísabet Ingunn Einarsdóttir formaður
María Ósk Ólafsdóttir varaformaður
Pálína Hugrún Björgvinsdóttir ritari
Linda Lea Bogadóttir gjaldkeri
Bjarni Eiríksson meðstjórnandi
Hrafn Jóhannesson meðstjórnandi
Hildur Sólveig Elvarsdóttir meðstjórnandi

Sindri Alexandersson nýnemi hringir Íslandsklukkunni til heiðurs nýnemum í lok velgengnisviku haustið 2005.

Formenn deildarfélaga voru sem hér segir:
Data, félag upplýsingatæknideildarnema: Karl Gunnar Jónsson
Eir, félag heilbrigðisdeildarnema: Sólveig Ósk Aðalsteinsdóttir
Kumpáni, félag nema við félagsvísinda- og lagadeild: Guðmundur Gunnarsson
Þemis, félag laganema sem starfar undir Kumpána: Halldóra Hauksdóttir
Magister, félag kennaradeildarnema: Lísbet Patrisía Gísladóttir
Reki, félag nema við viðskiptadeild: Sara Ómarsdóttir
Stafnbúi, félag auðlindadeildarnema: Kristín Mjöll Benediktsdóttir

Heimasíða félagsins er www.fsha.is.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri (FÉSTA) er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um vetrarvist er til 20. júní og sumarvist til 1. mars.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:
Útstein með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknir voru í notkun 1989,
Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknir voru í notkun 1994,
Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2001 og
Tröllagil þar sem 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðir voru teknar í notkun í september 2004.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson.

Stjórn:
Bjarni Hjarðar lektor, skipaður af háskólaráði
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður, skipaður af háskólaráði
Guðmundur Egill Erlendsson nemi, skipaður af FSHA
Jón Smári Jónsson nemi, skipaður af FSHA
Halla Margrét Tryggvadóttir, skipuð af Akureyrarbæ

Líkamsræktarsalur á Sólborg

Nýr líkamsræktarsalur var tekinn í notkun þann 10. október 2005. Salurinn er staðsettur á Sólborg og er ætlaður nemendum og fastráðnum starfsmönnum háskólans. Í salnum eru tvö öflug og fullkomin hlaupabretti, tvö þrekhjól og æfinga- og lyftingaturn með átta mismunandi lyftingatækjum. Öll þessi tæki hafa verið keypt fyrir rausnarlega styrki frá FHA og FSHA. Áfram verður unnið að því að útvega fleiri tæki í salinn.

Elísabet Ingunn Einarsdóttir formaður FSHA vígir nýja íþróttasalinn í október 2005.

FJARNÁM

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum upp á öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp.

Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri og veturinn 2005–2006 bjóða fjórar deildir af sex upp á fjarnám. Þetta eru auðlindadeild, heilbrigðisdeild, kennaradeild og viðskiptadeild. Hröð þróun í upplýsingatækni býður upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi.

Þegar fjarkennslan hófst var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann en þróunin hefur orðið sú að fjarnám við skólann byggir núorðið á notkun velflestra þeirra fjarkennslumiðla sem tæknin býður upp á. Má þar nefna almennan tölvupóst, vefsíður kennara og vefnámsumhverfið WebCT sem m.a. hefur að geyma innbyggt póstforrit, vefumræður og spjallrásir sem og möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi. Haustið 2003 var svo tekið í notkun vefkennslukerfið WebDemo sem býður upp á möguleika til kennslu í rauntíma gegnum nettengda tölvu. Upplýsingakerfið Stefanía sem þróað hefur verið í Háskólanum á Akureyri veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum, s.s. stundaskrá, próftöflum, námsframvindu, námskeiðslýsingum og svo mætti lengi telja.

Háskólinn á Akureyri hefur átt öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Einnig hefur það sýnt sig að myndun námshópa á fjarkennslustöðum hefur reynst góð leið til að efla hópkennd og stuðning nemenda í milli. Á öllum fjarkennslustöðum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuaðstöðu. Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Farskóli Norðurlands vestra · Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði · Fræðslunet Austurlands · Fræðslunet Suðurlands · Fræðslumiðstöð Þingeyinga, FræÞing Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ·Námsflokkar Hafnarfjarðar · Símenntunarmiðstöð Vesturlands · Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Frá upphafi hefur háskólinn lagt áherslu á að mynda hópa á þeim stöðum sem boðið er upp á fjarnám. Þannig fá nemendur stuðning og hvatningu hver frá öðrum. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar bjóða nemendum á hverjum stað upp á námsver með vinnuaðstöðu, aðgengi að myndfundabúnaði og aðstöðu til próftöku.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi, m.a. á þann hátt að nemendur geta dreift náminu á lengri tíma en gert er ráð fyrir í fullu námi. Fjarnemar greiða sömu skrásetningargjöld og aðrir nemendur við háskólann en þurfa jafnan að greiða hófleg aðstöðugjöld til sinnar fræðslu- eða símenntunarstöðvar.

Verkefnastjóri fjarnáms er Erlendur Steinar Friðriksson.

Auðlindadeild

Í auðlindadeild er miðað við að fólk geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer að mestu leyti fram á netinu gegnum vefnámsumhverfið WebCT en til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði fyrst um sinn. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Í auðlindadeild voru skólaárið 2005–2006 nemendur í fjarnámi á Akranesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki, Selfossi og Þórshöfn og í Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

FJARNÁM

Heilbrigðisdeild – Hjúkrunarfræðibraut

Á hjúkrunarfræðibraut fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðbundnu námi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfið WebCT og tölvusamskipti í síauknum mæli.

Skólaárið 2005–2006 voru nemendur við heilbrigðisdeild í fjarnámi á Akranesi og Selfossi og í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

Kennaradeild – Leikskólabraut / Grunnskólabraut

Fjarnámið er að hluta til miðað við fólk sem er starfandi í skólum (þó vissulega sé það opið öðrum sem uppfylla inntökuskilyrði) og stundar því ekki fullt nám heldur tekur námið á lengri tíma. Á leikskólabraut hófst fjarnám árið 1999 og á grunnskólabraut árið 2003. Þau námskeið sem kennd eru í fjarnámi eru þau sömu og í staðbundna náminu. Námið byggir á gagnvirkum myndfundabúnaði en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfið WebCT.

Skólaárið 2005–2006 voru nemendur við kennaradeild í fjarnámi á Akranesi, Blönduósi, Hvolsvelli, Höfn, Ísafirði, Neskaupstað, Selfossi, Vík, Vopnafirði, Þórshöfn og í Borgarnesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

Viðskiptadeild

Í viðskiptadeild er miðað við að fólk geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum vefnámsumhverfið WebCT en til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði í öllum námskeiðum. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Skólaárið 2005–2006 voru nemendur við viðskiptadeild í fjarnámi á Blönduósi, Egilsstöðum, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Sauðárkróki, Selfossi, Siglufirði, Stykkishólmi og í Búðardal, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.



RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) lýtur yfirstjórn háskólaráðs og starfar samkvæmt lögum og reglugerð fyrir háskólann auk sérstakrar reglugerðar fyrir Rannsóknastofnunina (Reglugerð um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri nr. 613/24. júlí 1992). Stofnunin hóf starfsemi sína þann 22. september 1992 en þá var fyrsti stjórnarfundur hennar haldinn.
Hlutverk Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri eru að efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við Háskólann á Akureyri, hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila, veita upplýsingar og ráðgjöf, standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum og selja þjónustu.

Starfsemin 2005
Rannsóknastarf er meginkjarninn í starfi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og er meginþáttur rannsóknanna á sviði byggðamála, sveitarstjórnarmála, nýsköpunarmála og opinberrar stjórnsýslu. Einnig eru hvers kyns viðhorfskannanir reglulegur hluti starfsins. Árið 2005 var ár mikilla breytinga hjá RHA. Grétar Þór Eyþórsson framkvæmdastjóri lét af störfum um mitt ár og var Ögmundur Knútsson ráðinn í hans stað. Á árinu var mikil vinna lögð í að endurskipuleggja starfsemi RHA. Var m.a. tekið upp nýtt tíma- og verkefnaskráningarkerfi, hannað nýtt merki fyrir stofnunina og tekin í notkun ný heimasíða og vefsvæðið **www.rha.is.** Í árslok 2005 störfuðu við stofnunina alls 12 manns í 11 stöðugildum.

Rannsóknaskýrslur:
Borgarfjarðarhreppur – Könnun á viðhorfum íbúanna til sameiningarmála.
Höfundur: Grétar Þór Eyþórsson.
Félags- og skólaþjónusta við utanverðan Eyjafjörð – „Útey."
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.
Gildi og gagnsemi náms í HA – Viðhorfskönnun meðal brautskráðra nemenda 1989–2003.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.
Innovation systems and the periphery. Final report.
Ritstjóri: Elín Aradóttir.
Innovation systems and the periphery. Country Report Iceland.
Höfundur: Elín Aradóttir.
Jarðgöng á Austurlandi – Mat á samfélagsáhrifum og arðsemi.
Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson.
Kjósarhreppur – Könnun á viðhorfum íbúanna til sameiningarmála.
Höfundur: Grétar Þór Eyþórsson.
Laun starfsmanna Háskólans á Akureyri.
Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson og Björk Sigurgeirsdóttir.
Matvælarannsóknir og matvælaeftirlit á Íslandi og hinum Norðurlöndunum.
Höfundar: Grétar Þór Eyþórsson og Björk Sigurgeirsdóttir.
Millilandaflug frá Norður- og Austurlandi til Evrópu.
Höfundur: Njáll Trausti Friðbertsson.

RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

North Iceland. Socioeconomic conditions for an aluminium plant in Eyjafjörður, Húsavík and Skagafjörður regions – A baseline study of selected factors.
Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson og Valtýr Sigurbjarnarson.
Samanburður vegtenginga á Vestfjörðum – Vestfjarðavegur og Djúpvegur – Samfélagsáhrif og arðsemi.
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.
Snow magic – Greining á samkeppnisstöðu valdra sviða ferðaþjónustu í Mývatnssveit.
Höfundar: Elín Aradóttir og Hjördís Sigursteinsdóttir.
Viðhorf til KEA – Spurningavagn 2005, Eyjafjörður og Suður-Þingeyjarsýsla.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.
Virkjum alla – Rafrænt samfélag.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Ráðstefnur o.fl.:
Þann 17. mars stóðu Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, KEA og Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri að málþingi undir yfirskriftinni „Sala grunnnetsins og landsbyggðin."
Þann 23. júní heimsótti hópur nemenda frá Roskildeháskóla stofnunina og fluttu þrír sérfræðingar RHA erindi við það tækifæri.
Þann 4. ágúst sótti hópur norrænna vinstri grænna þingmanna stofnunina heim. Var þeim kynnt starfsemi hennar og verkefni um vöktun samfélagsáhrifa virkjunar og álvers á Austurlandi.
Stofnunin stóð fyrir fjölþjóðlegri ráðstefnu um byggða- og svæðaþróunarmál á Akureyri dagana 22.–25. september. Á ráðstefnunni fluttu yfir 30 þátttakendur frá sjö þjóðlöndum erindi eða kynningar á öðru formi. Ráðstefna þessi var haldin í samvinnu við félagsskap er nefnist the Nordic-Scottish university network for rural and regional development, en HA á aðild að þeim félagsskap.

Stjórn:
Axel Björnsson prófessor, kennaradeild
Hjörleifur Einarsson prófessor, auðlindadeild
Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnkt, viðskiptadeild
Jón Kr. Sólnes, hæstaréttarlögmaður
Nicola Whitehead lektor, upplýsingatæknideild
Sigfríður Inga Karlsdóttir lektor, heilbrigðisdeild
Svanfríður Jónasdóttir fv. alþingismaður, formaður stjórnar
Þóroddur Bjarnason prófessor, félagsvísinda- og lagadeild

BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN ÍSLANDS

Samningur um Byggðarannsóknastofnun Íslands var gerður á Akureyri þann 25. ágúst 2000. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður og stjórnarformaður Byggðastofnunar og Þorsteinn Gunnarsson rektor Háskólans á Akureyri undirrituðu þá samninginn en stofnunin tók til starfa þann 1. apríl 2001. Grétar Þór Eyþórsson stýrði stofnuninni í hálfu starfi en hann hvarf til annarra starfa í júnímánuði 2005.

Í samningnum um stofnunina er tekið fram að hún skuli vera rannsókna- og fræðslustofnun á sviði byggðamála við Háskólann á Akureyri. Helstu markmið hennar skulu vera að treysta þekkingu á búsetu- og byggðamálum, einkum hvað varðar þróun efnahags- og atvinnumála, búsetu og menningarþætti, mennta- og heilbrigðismál og samgöngur. Ennfremur segir að stofnunin skuli einkum ná markmiðum sínum með því að annast gerð rannsóknaáætlana og framkvæmd þeirra, stuðla að samvinnu við innlendar og erlendar vísindastofnanir, standa fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri fræðslustarfsemi, annast þjónusturannsóknir í eigin nafni og standa fyrir útgáfu rita og söfnun bóka, tímarita og annars efnis á starfssviði stofnunarinnar.

Rannsókna- og þróunarverkefni á árinu 2005
Skýrsla:
Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 1.
Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008.
Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Á árinu 2004 ákvað stjórn Byggðastofnunar að hætta fjárstuðningi við Byggðarannsóknastofnun og á árinu 2005 hætti iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fjárstuðningi sömuleiðis. Ofangreindir aðilar greiða þó með verkefninu Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi samkvæmt sérstökum samningi þar um. Af þessum sökum hefur starfsemi stofnunarinnar að mestu legið niðri ef undan er skilin vinna að framangreindu verkefni sem unnið er af sérfræðingum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.

Stjórn:
Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar
Páll Skúlason prófessor við HÍ
Þorsteinn Gunnarsson rektor HA, formaður stjórnar

SÍMENNTUN

Mikil gróska og fjölbreytni var í starfsemi Símenntunar á árinu 2005 og ásókn í lengra nám sem metið er til eininga, einkum á sviðum rekstrar og stjórnunar, jókst mikið.

Á vormisseri luku 22 nemendur þriggja anna, 27 eininga rekstrar- og viðskiptanámi sem haldið var í samstarfi við viðskiptadeild. Þá voru 39 þátttakendur á annarri önn í rekstrar- og stjórnunarnámi sem er í samstarfi við viðskiptadeild og Félagsmálaskóla alþýðu en það er haldið fyrir talsmenn stéttarfélaga og kennt í fjarkennslu vítt og breitt um landið. Einnig hófst öðru sinni þriggja anna, 15 eininga stjórnunarnám í samstarfi við Eyþing með 23 þátttakendum og þriðji hópur Stjórnenda framtíðarinnar sem haldið er í samstarfi við IMG lauk námi. Ítölskunámskeið sem eru 3 einingar voru haldin með styrk frá ítalska utanríkisráðuneytinu eins og undanfarin ár. Þá eru ótalin ýmis styttri námskeið en 236 manns sóttu nám eða námskeið á misserinu.

Áhugi grunnskólakennara á sumarnámskeiðum hefur farið minnkandi og styrkir sem Símenntun hefur hlotið frá menntamálaráðuneytinu til námskeiða verið vannýttir undanfarin ár. Aðeins tvö námskeið voru haldin á Akureyri en þrjú á Húsavík og þátttakendur á námskeiðunum alls 53.

Starfsemi haustmisseris hófst með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur í efnafræði, fjárhagsbókhaldi og stærðfræði. Þessi námskeið voru mjög vel sótt af nemendum deilda og Símenntunar en þátttakendur þeirra voru 204. Þriggja missera rekstrar- og viðskiptanám hófst öðru sinni með 26 nemendum, önnur önn stjórnunarnámsins og þriðja önn rekstrar- og stjórnunarnámsins með 42 þátttakendum. Einnig fór Stjórnendur framtíðarinnar af stað í fjórða sinn og 3 eininga námskeið í mannauðsstjórnun var kennt 37 nemendum á 11 stöðum á landinu. Auk þessa sóttu 175 manns ýmis styttri námskeið.

Símenntun ásamt ýmsum félagasamtökum, framhaldsskólum á Akureyri og Akureyrarbæ stóð í apríl fyrir ráðstefnunni Hver er sá veggur? þar sem fjallað var um samkynhneigð og ungt fólk.

Í september stóðu Símenntun og krabbameinsfélag Akureyrar sameiginlega fyrir opnum fyrirlestri dr. Jane Planet um áhrif mataræðis á ýmsa sjúkdóma en þann fyrirlestur sóttu um 100 manns.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er símenntunarstjóri.

Stjórn:
Anna Þóra Baldursdóttir lektor í kennaradeild
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála, formaður stjórnar

FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Ferðamálasetur Íslands var stofnað í september 1999, en stofnunin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Háskólarnir hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvor annars, efla rannsóknir og menntun, efla tengsl háskólastarfs og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum. Ferðamálasetrið er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. Markmið Ferðamálaseturs Íslands eru að efla og samhæfa rannsóknir í ferðamálum á Íslandi, að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila á sviði ferðamála, að gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum, að veita upplýsingar og ráðgjöf í ferðamálafræðum og að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum.

Helgi Gestsson, lektor við viðskiptadeild HA, starfar í hlutastarfi sem forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands.

Á árinu 2005 vann Ferðamálasetur m.a. að eftirtöldum verkefnum:
Hagræn áhrif ferðaþjónustu – Kortlagning á svæðisbundnum áhrifum ferðamennsku.
Umsjónaraðili er Bergþóra Aradóttir í samstarfi við Ásgeir Jónsson hagfræðing. Samstarfsaðili er Ferðamálaráð Íslands.
Menning og ferðaþjónusta – Eyjafjörður.
Umsjónaraðili er Helgi Gestsson í samstarfi við Guðrúnu Helgadóttur á Hólum.
Stjórnunarhættir hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Samstarfsverkefni Ferðamálaseturs Íslands, viðskiptadeildar HA og Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Könnun var framkvæmd af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA). Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, Helgi Gestsson forstöðumaður og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir lektor standa að rannsókninni.
Náttúrulegar baðlaugar. Út kom á árinu rafræn skýrsla Ferðamálaseturs Íslands um viðhorf heimamanna til náttúrulegra baðlauga (http://www.hot-springs.org). Rannsóknin var unnin sem hluti stærra verkefnis Háskólasetursins í Hveragerði í samstarfi við Ferðamálaráð Íslands og Prokaria ehf. Umsjónaraðili hluta Ferðamálaseturs er Bergþóra Aradóttir en starfsmaður verkefnisins er Sigurvin B. Sigurjónsson.

Ferðaþjónustuklasi Vaxtarsamnings Eyjafjarðar

Þann 1. mars var undirritaður samningur milli Vaxtarsamnings fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Ferðamálaseturs Íslands. Samkvæmt samningnum tekur Ferðamálasetur Íslands að sér stjórn og yfirumsjón með störfum ferðamálaklasa í Vaxtarsamningi Eyjafjarðar og ráðstafar einum starfsmanni sínum í fullu starfi til þess að sjá um rannsóknir og framkvæmd starfa er snúa að ferðamálaklasanum. Samningstími er frá og með 1. mars 2005 og lýkur 31. desember 2007, þó með þeim fyrirvara að fjármögnun verði tryggð eftir 1. júlí 2006.

Bergþóra Aradóttir, starfsmaður Ferðamálaseturs Íslands, sinnir í fullu starfi stjórnun ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Ráðstefnur:

Ráðstefna um stjórnun þjónustugæða var haldin af Ferðamálasetri Íslands og viðskiptadeild Háskólans á Akureyri 28. apríl 2005. Helgi Gestsson forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands, var ráðstefnustjóri.

Fjölþjóðleg ráðstefna um rannsóknir á ferðamennsku og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja. Menning og samfélag – Náttúra – Efnahagslíf – The 14th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research. Haldin 22.–25. september 2005. Ferðamálasetur Íslands gefur út rafræna útgáfu af greinum sem tengjast erindum ráðstefnunnar. Ritstjórar útgáfunnar eru Ingjaldur Hannibalsson og Helgi Gestsson.

FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Verðlaun Ferðamálaseturs Íslands fyrir lokaverkefni í ferðamálafræðum

Í október 2005 afhenti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra í fyrsta sinn 100.000 króna verðlaun Ferðamálaseturs Íslands fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi. Verðlaunin hlaut Anne Maria Sparf fyrir M.S. ritgerð sína, Comparing Environmental Performance, Environmental benchmarking for SMEs in the Nordic tourism industry.

Námskeiðahald

Ferðamálasetur Íslands sér um skipulag og kennslu í þeim námskeiðum sem kennd eru við ferðaþjónustubraut viðskiptadeildar HA. Á ferðaþjónustubraut eru námskeið um skipulag ferðamannastaða og stefnumótun, ferðamennsku og umhverfi, lög og reglur í ferðaþjónustu og neytendahegðun í ferðaþjónustu. Nemendur sem ljúka námi af ferðaþjónustubraut útskrifast með B.S. gráðu sem viðskiptafræðingar með áherslu á ferðaþjónustu.

Bergþóra Aradóttir sérfræðingur vann að skipulagi námskeiðsins Grannar græða, sem miðar að því að efla samvinnu þeirra sem starfa í ferðaþjónustu á Norðurlandi og styrkja tengslanet þeirra.

Framlag Ferðamálaseturs til verkefnisins Hagvöxtur á heimaslóð var umfjöllun um stefnumótun og markmiðasetningu ferðaþjónustufyrirtækja. Verkefnið er þróunarverkefni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu. Umsjón var í höndum Útflutningsráðs Íslands í samvinnu við SAF, Impru, Landsmennt, Mími, Byggðastofnun og FMSÍ.

Ferðamálaráð sagði upp samstarfssamningi sínum við Ferðamálasetrið frá og með áramótum 2005–2006. Samstarfsamningurinn byggði á því að FMSÍ réð fyrir tveimur árum til sín í 70% rannsóknarstöðu Bergþóru Aradóttur, þá starfsmann Ferðamálaráðs. Framlag Ferðamálaráðs var 2.000.000 kr. til rannsókna árlega.

Stjórn:

Anna Dóra Sæþórsdóttir frá Háskóla Íslands
Áslaug Alfreðsdóttir frá SAF, Samtökum ferðaþjónustunnar
Elías Bj. Gíslason frá Ferðamálaráði Íslands
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir frá Háskólanum á Hólum
Gunnar Karlsson frá Háskólanum á Akureyri, varaformaður stjórnar
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir frá Háskólanum á Akureyri
Ingjaldur Hannibalsson frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar

MATVÆLASETUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Árið 2005 var sjötta heila starfsár Matvælaseturs Háskólans á Akureyri (MHA) en það tók til starfa í janúar árið 2000. Háskólinn á Akureyri leggur til alla starfsaðstöðu og er MHA til húsa hjá auðlindadeild HA að Borgum. Verklag er samræmt reglum og venjum Háskólans á Akureyri og í góðu samstarfi við stjórnsýslu hans.

Eyjólfur Guðmundsson lektor sinnti tímabundið starfi forstöðumanns MHA eftir að Hólmar Svansson lét af störfum í september 2004. Nýr forstöðumaður, Jón Ingi Benediktsson, tók til starfa þann 1. maí 2005.

Meðal fyrstu verkefna nýs forstöðumanns var, í samráði við stjórn setursins, að vinna að mótun markmiða og stefnu MHA fyrir árin 2005–2007. Í 2. gr. Samstarfssamnings um MHA segir: „Hlutverk Matvælaseturs er meðal annars að efla rannsóknir á matvælum og standa fyrir öflun þekkingar á matvælum. Stuðlað skal að öflugu samstarfi Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofnunar Fiskiðnaðarins og fyrirtækja um matvælarannsóknir og þróun. Hafa skal gæði, öryggi matvæla og aukna verðmætasköpun í matvælaiðnaði að leiðarljósi."

Á stjórnarfundi þann 21. nóvember samþykkti stjórn setursins Markmið og stefnu MHA fyrir árin 2005–2007. Meðal þess sem þar kemur fram er að stefnt er að því að auka veltu setursins sem og veltu samstarfsverkefna um 10–20% á milli ára. MHA hefur einsett sér að auka enn frekar samstarfið við samstarfsstofnanir setursins innan HA sem utan og er stefnt að því að meistaranemar, sem og B.S. nemar komi til með að starfa í samstarfi við og/eða innan veggja MHA. MHA mun vinna markvisst að því að styrkja samskiptin við fyrirtæki og stofnanir og líta aðstandendur setursins á það sem brú á milli ólíkra aðila þar sem HA, RF og matvælafyrirtæki eru helstu samstarfsaðilarnir.

Á haustmánuðum 2004 hófust samningaviðræður við Vaxtarsamning Eyjafjarðar um að MHA sjái um rekstur matvælaklasa Vaxtarsamningsins og voru samningar undirritaðir á árinu 2005. MHA leggur til starfsmann í eitt stöðugildi til að sinna verkefnum fyrir klasann.

Markmið Vaxey eru meðal annars að efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu, auka hagvöxt og samkeppnishæfni svæðisins, fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum, efla og auka framboð af vörum og þjónustu og auka alþjóðleg tengsl fyrirtækja á svæðinu. Þessi verkefni falla afar vel að þeirri stefnu sem mótuð hefur verið fyrir MHA og hefur samstarfið nú þegar leitt af sér fjölda nýrra verkefna og verkefnahugmynda sem falla undir ofannefnd markmið.

Forystuhópur matvælaklasans var myndaður í nóvember, en það er hópur sex reyndra aðila sem starfa innan fyrirtækja í klasanum og fellur vel að vinna saman. Hann er skipaður einstaklingum sem hafa áhuga, vilja og getu til að auka samstarf innan atvinnugreinarinnar á svæðinu og fá aðila til að vinna saman að markmiðum Vaxtarsamningsins.

MHA tók að sér framkvæmd samnings Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Háskólans á Akureyri. Fólst það meðal annars í að taka á móti og sjá um 24 nema í 10 daga heimsókn til Akureyrar í byrjun október og að skipuleggja og hafa umsjón með dvöl sex nema sem komu til Akureyrar í síðustu viku nóvember og voru þar við sjálfstæða verkefnavinnu í fjórtán vikur. Fór vinnan fram í húsnæði Háskólans á Akureyri undir leiðsögn sérfræðinga HA, RF og Hafrannsóknastofnunar og í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Meðal annarra verkefna sem MHA kom að á árinu má nefna tillögu um samnýtingu rannsóknapláss á 1. hæð á Borgum og yfirumsjón með sameiginlegum tækjakaupum MHA, HA, RF og Hafrannsóknastofnunar fyrir rannsóknarrýmið á 1. hæð á Borgum.

Hvað varðar rannsóknaraðstöðu MHA á 1. hæð á Borgum þá voru settar reglur um úthlutun þeirra 8 rannsóknarrýma sem þar eru og stefnir í að aðstaðan verði fullnýtt á árinu 2006 og að ekki verði hægt að anna eftirspurn frá miðju ári 2006.

Stjórn Matvælaseturs:
Eyjólfur Guðmundsson formaður
Stefanía Katrín Karlsdóttir meðstjórnandi
Jón Kjartan Jónsson meðstjórnandi

HELSTU SAMNINGAR Á ÁRINU 2005

Í skránni hér á eftir er fyrst getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar.

Háskólinn á Akureyri og Fræðslunet Suðurlands.
Samkomulag um að nám í hjúkrunarfræði, fjarnám, hefjist á Selfossi haustið 2006. 5. janúar 2005.
Háskólinn á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
Samstarfssamningur um klínískt nám í hjúkrunarfræði. 7. janúar 2005.
Háskólinn á Akureyri og Sæplast hf.
Samstarfssamningur um rannsóknir. 3. mars 2005.
Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.
Samstarfssamningur um rannsóknir og fræðsluverkefni á sviði lýðheilsu.18. apríl 2005.
Háskólinn á Akureyri og Lostæti ehf.
Samningur um rekstur mötuneytis. 10. júní 2005.
Háskólinn á Akureyri og China University of Political Science and Law.
Samstarfssamningur á sviði kennslu og rannsókna. 18. júní 2005.
Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri og Landlæknisembættið.
Samningur um þýðingu flokkunarkerfisins International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF). 16. september 2005.
Háskólinn á Akureyri og University of Rzeszów Póllandi.
Samstarfssamningur á sviði kennslu og rannsókna. 15. nóvember 2005.
Háskólinn á Akureyri og Rzeszów University of Technology Póllandi.
Samstarfssamningur á sviði kennslu og rannsókna. 26. nóvember 2005.
Háskólinn á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.
Samstarfssamningur um Northern Research Forum (NRF) Secretariat. 1. desember 2005.
Háskólinn á Akureyri og Þekkingarsetur Þingeyinga.
Samstarfssamningur um kennslu, námskeiðahald, rannsóknastarf, nýtingu aðstöðu og gagnkvæma þjónustu stofnananna við starfsfólk og nemendur. 8. desember 2005.
Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands.
Samningur um Asíuver Íslands. 16. desember 2005.
Háskólinn á Akureyri og Veðurstofa Íslands.
Samkomulag um stöðu háskólakennara í jarðváreftirliti, áhættugreiningu og viðvörunum. 29. desember 2005.

Háskólinn á Akureyri tók að sér að vista Frumkvöðlasetur Norðurlands (FN) samkvæmt samningi þess efnis sem undirritaður var 28. maí 2003. FN var þó rekið sem sjálfstætt félag (ehf.). Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri var falinn rekstur setursins síðla árs 2004. Á fundi stjórnar FN hinn 18. maí 2005 var samþykkt að leita eftir því að losna undan gildandi samningi við HA. Jafnframt var samþykkt að bjóða FN fram sem farveg eða samstarfsaðila um undirbúning við stofnun og uppbyggingu vísindagarðs við Háskólann á Akureyri. Samningur FN og HA var felldur úr gildi frá og með 30. júní 2005. Jafnframt var stofnað einkahlutafélagið **Þekkingarvörður ehf.** sem hóf þegar undirbúning að uppbyggingu vísindagarða við háskólann. Að félaginu standa: Akureyrarbær, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólinn á Akureyri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Iðntæknistofnun, Nýsköpunarsjóður, KEA byggðafestufélag, Tækifæri fjárfestingarfélag, og Samtök iðnaðarins. Í stjórn voru kjörnir: Benedikt Sigurðarson, Björgvin Örn Ingólfsson, Jón Kr. Sólnes, Sveinn Hannesson og Þorsteinn Gunnarsson. Guðjón Steindórsson er framkvæmdastjóri.

Samstarfsstofnanir sem staðsettar eru í húsakynnum háskólans eru:

Hafrannsóknastofnunin	Orkustofnun	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
http://www.hafro.is	http://www.rf.is	http://rf.is	http://www.svs.is

YFIRLIT YFIR SÖGU HÚSNÆÐISMÁLA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Á fyrsta starfsári háskólans var kennt í tveimur kennslustofum í Íþróttahöllinni á Akureyri. Vinnuaðstaða starfsmanna var í húsi Verkmenntaskólans á Akureyri við Þingvallastræti 23 (áður Iðnskólinn) og einnig fór þar fram kennsla á tölvur. Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafði háskólinn til afnota eina stofu til kennslu hjúkrunarfræðinema og var hún einnig notuð sem lesstofa sömu nemenda.

Haustið 1988 voru húsnæðismál óbreytt frá árinu áður auk þess sem teknar voru í notkun tvær kennustofur í Þingvallastræti. Um áramótin fékk skólinn tvær stofur til viðbótar í Þingvallastræti og hætti þar með að nýta aðstöðuna í Íþróttahöllinni.

Þann 4. janúar 1990 hófst starfsemi sjávarútvegsdeildar á tveimur neðri hæðum Glerárgötu 36, en Kaupfélag Eyfirðinga veitti skólanum leigulaus afnot af húsnæðinu til þriggja ára. Starfsemi deildarinnar var í þessu húsi allt til ársins 2004 er deildin flutti í rannsóknahúsið á Borgum.

Í apríl þetta sama ár hófst formlega starfsemi Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í húsnæðinu í Glerárgötu og hefur samstarf þessara tveggja stofnana og háskólans ávallt verið mjög náið.

Vorið 1990 fékk háskólinn til ráðstöfunar megnið af Þingvallastræti 23. Húsið er í eigu Akureyrarbæjar og ríkisins og er um 2.225 fermetrar að stærð. Verkmenntaskólinn var áfram með aðstöðu í hluta kjallara hússins.

Skólaárið 1990–1991 tók háskólinn á leigu til viðbótar þrjár skrifstofur af KEA á þriðju hæð í Glerárgötu 36. Í október 1991 keypti síðan ríkissjóður allt húsið að Glerárgötu 36 og tók háskólinn það í notkun í áföngum næstu mánuði og misseri. Stærð hússins er um 1.893 fermetrar.

Haustið 1993 flutti rekstrardeild í Glerárgötu og var þá húsið fullnýtt af sjávarútvegsdeild, rekstrardeild, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, auk þess sem Fiskeldi Eyjafjarðar og Félag rækju- og hörpudisksframleiðenda höfðu haft skrifstofur þar um hríð, en tvö síðastnefndu fluttu á svipuðum tíma í Glerárgötu 34 ásamt Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Um var að ræða u.þ.b. hálfa hæð í húsinu sem Íslandsbanki lánaði skólanum leigulaust.

Kennaradeild hóf starfsemi þetta sama haust og hafði aðsetur í Þingvallastræti. Mikil aðsókn var að deildinni og bárust hátt í 100 umsóknir þetta fyrsta ár deildarinnar. Enginn fyrirlestrarsalur var til í háskólanum á þessum tíma og ekki heldur nægilega stór kennslustofa til að hýsa námshópa af þessari stærð. Því var tekinn á leigu salur í eitt ár í félagsheimili KA við Dalsbraut, þar sem stór hluti kennslu deildarinnar fór fram.

Húsnæðisnotkun skólans var að mestu óbreytt skólaárið 1994–1995. Eina stóra breytingin var sú að tekinn var á leigu salur í Oddfellow húsinu við Sjafnarstíg í stað aðstöðunnar í KA heimilinu. Stærð hins leigða húsnæðis er 250 fermetrar.

Árið 1995 ákváðu stjórnvöld að Háskólinn á Akureyri myndi til framtíðar byggjast upp á svonefndu Sólborgarsvæði og hófst þar með sú uppbygging og endurnýjun á húsnæði sem enn stendur yfir og ekki sér fyrir endann á. Húsnæðið var formlega afhent Háskólanum á Akureyri 1. apríl 1995 og var það um 4.100 fermetrar. Rektor, fjármálaskrifstofa, námsráðgöf og almenn afgreiðsla urðu fyrst til þess að flytja á Sólborg og gerðist það í septemberbyrjun sama ár.

Árið 1996 var efnt til samkeppni um hönnun húsa á Sólborg, bæði nýbygginga og eldri húsa. Ákveðið var að ganga til samninga við arkitektastofuna Glámu/Kím um tillögu þeirra og hefur sú tillaga verið grundvöllur að öllum samningum um hönnun á Sólborgarsvæðinu til þessa.

Tvær bráðabirgðakennslustofur voru teknar í notkun á Sólborg haustið 1996 og í október flutti starfsemi vistheimilisins sem þarna hafði haft aðsetur að mestu burt og var flutningum þess að fullu lokið vorið 1997.

YFIRLIT YFIR SÖGU HÚSNÆÐISMÁLA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Framkvæmdir á Sólborg hófust vorið 1997 og var fyrsti áfanginn, bókasafn Háskólans á Akureyri, tekinn í notkun 6. september 1997. Kennsla í listgreinum hófst haustið 1997 á Sólborg og verkleg kennsla í iðjuþjálfun á vormisseri 1998. Sumarið 1997 flutti Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri starfsemi sína úr Glerárgötu 34 á Sólborg og Stofnun Vilhjáms Stefánssonar hóf þar starfsemi sína seinni hluta árs 1998.

Þann 23. október 1998 tók menntamálaráðherra skóflustungu að fyrstu nýbyggingu Háskólans á Akureyri. Stærð hússins er um 2.160 fermetar og er að mestu leyti kennsluhúsnæði.

Í árslok 1999 var langmestur hluti Sólborgarhúsanna sem skólinn fékk afhent 1995 kominn í notkun eða samtals 4.100 fm. Jafnframt var skólinn þá með starfsemi í Þingvallastræti 23 (2.225 fm.), í Glerárgötu 36 (1.893 fm.) og Oddfellow-húsi (250 fm.).

Haustið 2000 flutti heilbrigðisdeild úr Þingvallastræti 23 á Sólborg. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri flutti aðsetur sitt í Þingvallastræti og hýsti stofnunin Byggðarannsóknastofnun Íslands. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar leigði hluta húsnæðis í Glerárgötu 36 frá hausti 2000 þegar rekstrardeild flutti á Sólborg. Jafnframt voru í húsinu frá sama tíma leigutakarnir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Frumkvöðlasetur Norðurlands og Skrín ehf.

Í október 2000 var hluti nýbygginga á Sólborg tekinn í notkun, þ.e. sá hluti sem notaður er til bóklegrar kennslu. Skrifstofuhluti hússins og afgreiðsla voru tekin í notkun í desember 2001 og verknámsálma heilbrigðisdeildar 2002.

Haustið 2002 fékk háskólinn til umráða húseignina að Brröttuhlíð 6. Efri hæð hússins hefur verið nýtt sem gistiaðstaða fyrir kennara sem búsettir eru utan Akureyrar, fyrst og fremst kennara á iðjuþjálfunarbraut. Neðri hæðin hefur verið notuð sem geymslur auk þess sem þar fór fram kennsla í eðlisfræði í nokkur misseri.

Félagsvísinda- og lagadeild hóf starfsemi sína á árinu 2003 og fór starfsemin fram í Þingvallastræti fyrstu árin. Rannsóknastofnun háskólans sem hafði verið til húsa í Þingvallastræti flutti á vormisseri 2003 í gamla Húsmæðraskólann við Þórunnarstræti.

Í apríl 2003 var tekið tilboði frá Tréverki ehf. á Dalvík um endurbætur eldri húsa á Sólborg. Framkvæmdum var skipt á sumrin 2003 og 2004 en lóðarvinna frestaðist að hluta til yfir á vorið 2005.

Haustið 2005 var gerður hönnunarsamningur á milli menntamálaráðuneytis og Arkitekta Laugavegi 164 ehf (Gláma/Kím) um 4. áfanga við Háskólann á Akureyri. Um er að ræða hátíðarsal, fyrirlestrasali, kennslustofur, fjölnotarými og fleira. Gert er ráð fyrir að byggingarnar verði rúmlega 2.000 fermetrar og rísi á allra næstu árum.

Skólaárið 2004 til 2005 var mikill skortur á stærri kennslustofum og var þá gripið til þess ráðs að leigja sal til eins árs í verslunarmiðstöðinni við Sunnuhlíð. Húsnæðið er í eigu KFUM og KFUK.

Rannsókna- og nýsköpunarhúsið Borgir var tekið í notkun árið 2004 og var gerð grein fyrir því húsi í Ársskýrslu 2004.

Helstu viðhaldsverkefni árið 2005 voru lagfæringar á þökum nokkurra eldri húsa á Sólborg, jarðvegsskipti á bílastæðum og lokafrágangur á hluta lóðar.

Í árslok 2005 var starfsemi háskólans á Sólborg (6.427 fm.), í Þingvallastræti 23 (2.225 fm.), í Húsmæðraskólanum (984 fm.), í Oddfellow-húsi (250 fm.) og í Brröttuhlíð 6 (246 fm.). Auk þess er háskólinn af og til með skammtímaleigu á húsnæði, m.a. vegna kennslu og svokallaðra „flugkennara".

STYRKIR TIL RANNSÓKNAVERKEFNA

Þann 15. janúar 2005 samþykkti stjórn Rannsóknasjóðs Rannís úthlutun til 183 verkefna, þar af 86 framhaldsverkefna og 97 nýrra verkefna. Að þessu sinni hlutu fjórir starfsmenn Háskólans á Akureyri styrki til nýrra verkefna, sem aðalumsækjendur.

Í flokki náttúruvísinda og umhverfisvísinda hlutu eftirfarandi styrk:

- Hjörleifur Einarsson, Hverastrýtur – einstætt lífríki með tilliti til lífvera sem framleiða lífvirk efni, 2,0 milljónir króna.
- Jóhann Örlygsson, LífVetni, 2,0 milljónir króna.

Í flokki heilbrigðisvísinda og lífvísinda hlaut eftirfarandi styrk:

- Elín Díanna Gunnarsdóttir, Heilsutengdir hagir eldra fólks í dreifbýli og þéttbýli, 1,0 milljón króna.

Í flokki félagsvísinda og hugvísinda hlaut eftirfarandi styrk:

- Þóroddur Bjarnason, Áfengisneysla íslenskra unglinga og afleiðingar hennar, 2,4 milljónir króna.

Þróunarsjóður leikskóla veitti Háskólanum á Akureyri styrk skólaárið 2005–2006 að upphæð 1.000.000,- kr. til verkefnisins: Lengi býr að fyrstu gerð.

Verkefninu er ætlað að hanna kennsluleiðbeiningar fyrir yngsta stig leikskólans, byggðar á reynslu leikskóla og styðja það fræðilegum rökum. Fjórir leikskólar taka þátt í verkefninu: Álfaheiði og Furugrund í Kópavogi og Naustatjörn og Iðavöllur á Akureyri. Guðrún Alda Harðardóttir lektor við HA og Sigríður Síta Pétursdóttir sérfræðingur við skólaþróunarsvið HA leiða þróunarstarfið.

Stjórn Tækjasjóðs RANNÍS samþykkti á fundi sínum 17. mars að styrkja alls fimm umsóknir sem starfsfólk Háskólans á Akureyri hafði frumkvæði að eða tók þátt í sem meðumsækjendur. Nemur heildarstyrkupphæð alls 19.1 milljón króna. Styrkirnir nýtast til tækjakaupa og frekari uppbyggingar á rannsóknaraðstöðu í auðlindafræðum í rannsókna- og nýsköpunarhúsinu að Borgum. Í rannsóknarhúsinu eru rannsókna- og kennslustofur á vegum háskólans í efnafræði, líffræði/líftækni, matvælafræði, umhverfisfræði/jarðvísindum og eðlisfræði. Eftirfarandi styrkir voru veittir:

- Styrkur upp á 9 milljónir króna til kaupa á tækjum til uppbyggingar rannsókna á sviðum matvælaöryggis, sjávarnytja, og líftækni við Háskólann á Akureyri. Aðalumsækjandi fyrir hönd skólans var Þorsteinn Gunnarsson rektor. Meðumsækjendur og samstarfsaðilar eru Sjöfn Sigurgísladóttir fyrir hönd Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Hreiðar Þór Valtýsson við Akureyrarútibú Hafrannsóknastofnunar og lektor við auðlindadeild, og Eyjólfur Guðmundsson lektor við auðlindadeild, fyrir hönd Matvælaseturs HA.
- Styrkur upp á 7 milljónir króna til kaupa og uppsetningar á XRF tæki til jarðefnagreininga á Íslandi. Tækið verður staðsett að Borgum, innan auðlindadeildar HA. Aðalumsækjandi var Hrefna Kristmannsdóttir prófessor í auðlindadeild. Samstarfsaðilar og meðumsækjendur eru Kristinn Albertsson fyrir Akureyrarútibú Náttúrufræðistofnunar, Árni Snorrason hjá Vatnamælingum Orkustofnunar, Ingólfur Þorbjörnsson hjá Iðntæknistofnun og Ólafur Arnalds hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Styrkur upp á 1.3 milljónir króna til kaupa á tæki til próteinmengjagreiningar. Tækið verður staðsett að Borgum, innan auðlindadeildar HA. Aðalumsækjandi var Oddur Vilhelmsson dósent við auðlindadeild. Meðumsækjendur og samstarfsaðilar eru Ágústa Guðmundsdóttir hjá Raunvísindastofnun HÍ, Rannveig Björnsdóttir hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og lektor við HA og Eyjólfur Guðmundsson lektor, fyrir hönd Matvælaseturs HA.

STYRKIR TIL RANNSÓKNAVERKEFNA

- Styrkur upp á 800 þúsund króna til kaupa á gagnasöfnunartæki til jarðstraumamælinga. Aðalumsækjandi var Axel Björnsson prófessor í kennaradeild í samstarfi við Ragnar Stefánsson hjá Rannsóknarútibúi Veðurstofu Íslands við Háskólann á Akureyri.
- Styrkur upp á 1,0 milljón króna til kaupa á ósonbúnaði til gerilsneyðingar. Aðalumsækjandi Margrét Bragadóttir hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Meðumsækjandi Hjörleifur Einarsson prófessor í auðlindadeild. Aðrir umsækjendur og samstarfsaðilar eru Sigurjón Arason hjá Rf og Matvælafræðiskor HÍ, Tumi Tómasson hjá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og Baldur Jónasson við Tækniháskóla Íslands.

Á fundi stjórnar Líftækninets í auðlindanýtingu hinn 5. apríl 2005 var samþykkt úthlutun til fjögurra verkefna. Í ár hlutu þrír starfsmenn auðlindadeildar Háskólans á Akureyri styrki til nýrra verkefna:

- Hjörleifur Einarsson, Lífvirk íblöndunarefni úr sjávargróðri fyrir matvæli og snyrtivörur 5.1 milljón króna. Skiptist á milli HA, Þörungaverksmiðjunnar hf, Seró ehf og Pharmartica hf.
- Jóhann Örlygsson, Nýting jarðhita í líftækni – 9.3 milljónir króna. Skiptist á milli Prokaria ehf, HA og verkfræðiskrifstofu VGK hf.
- Rannveig Björnsdóttir, Notkun lífvirkra efna í lúðueldi – 5.8 milljónir króna. Skiptist á milli Rf/HA, Fiskeyjar ehf., Primex ehf. og Náttúrfræðistofnunar Íslands.

Þann 17. maí 2005 afhenti samstarfsnefnd KEA og Háskólans á Akureyri styrki úr Háskólasjóði KEA. Að þessu sinni bárust 19 umsóknir og þar af hlutu 10 rannsóknarverkefni styrki. Heildarupphæð styrkjanna nemur fimm milljónum króna, en hæsti styrkurinn fór til rannsókna á hverastrýtum í Eyjafirði eða 1.500.000 kr. Umsjónarmenn þess verkefnis eru Arnheiður Eyþórsdóttir verkefnastjóri hjá matvælasetri, Hreiðar Þór Valtýsson lektor við auðlindadeild og útibússtjóri Hafró á Akureyri og Hjörleifur Einarsson prófessor við auðlindadeild. Önnur verkefni sem hlutu styrk eru eftirtalin:

- Fóður úr vetni. Umsjónarmaður: Jóhann Örlygsson, auðlindadeild – kr. 500.000,-.
  Notkun lífvirkra efna í lúðueldi. Umsjónarmaður: Rannveig Björnsdóttir, auðlindadeild – kr. 500.000,-
- Social workers constructing childhoods: a study of social workers perspectives and the implica tions for children. Umsjónarmaður: Elizabeth Fern, félagsvísinda- og lagadeild – kr. 200.000,-.
- Þáttur vinnsluminnis í hreyfanlegu umhverfi. Umsjónarmaður: Kamilla Rún Jóhannsdóttir, félags vísinda- og lagadeild – kr. 500.000,-.
- Eru tengsl milli fyrirburafæðinga og tannholdsbólgu? Umsjónarmaður: Þórarinn J. Sigurðsson, heilbrigðisdeild – kr. 250.000,-.
- Margmiðlunarvefur um menningar- og atvinnusögu Eyjafjarðar. Umsjónarmenn: Sigrún Magnúsdóttir og Bragi Guðmundsson, upplýsingasvið og kennaradeild – kr. 300.000,-.
- Computational Cosmography Initiative. Umsjónarmaður: James Fredrick Nystrom, upplýsinga tæknideild – kr. 500.000,-.
- Providing hybrid virtualized services within the Grid infrastructure.
  Umsjónarmaður: Syed Murtaza, upplýsingatæknideild – kr. 250.000,-.
- Fjölnýting jarðhita – útflutningur á heitu vatni.
  Umsjónarmaður: Bjarni Hjarðar, viðskiptadeild – kr. 500.000,-.

STYRKIR TIL RANNSÓKNAVERKEFNA

Alls bárust 40 umsóknir um styrki úr Rannsóknasjóði HA 2005. Í ár voru 9,6 milljónir króna til úthlutunar. Þar af var 7 milljónum úthlutað af rannsóknafjárveitingu háskólans og 2,0 milljónum var úthlutað af sérstakri fjárveitingu frá Akureyrarbæ vegna rannsóknaverkefna sem unnin eru í auðlindadeild eða í upplýsingatæknideild í samvinnu við stofnanir sem staðsettar eru á Borgum. 600 þúsund kr. var úthlutað af ósóttum styrkjum frá fyrri árum.
Flestar styrkumsóknir sem bárust voru til rannsóknaverkefna og fæstar vegna útgáfu rita. Taflan hér að neðan sýnir hvernig umsóknir dreifðust.

Tegund umsóknar	Fjöldi umsókna	Fjöldi veittra styrkja	umsóknir alls	Heildar-úthlutun	Hlutfall úthlutunar
Rannsóknir	31	13	25.377.710 kr.	8.100.000 kr.	84%
Ráðstefnur	6	3	4.629.000 kr.	1.050.000 kr.	11%
Útgáfa rita	3	1	1.445.000 kr.	450.000 kr.	5%
Samtals	**40**	**17**	**31.451.710 kr.**	**9.600.000 kr.**	**100%**

Hlutur deilda er afar misjafn en taflan hér að neðan gefur örlitla yfirsýn yfir hversu margar umsóknir bárust frá deildum og hve margir styrkir voru veittir.

	Viðskiptadeild	Heilbrigðisdeild	Auðlindadeild	Kennaradeild
Fjöldi umsókna	2	5	9	7
Fjöldi styrkja	1	1	5	4
Heildarúthlutun	800.000	450.000	3.350.000	1.750.000
Heildarumsóknir	1.400.000	3.624.000	6.200.000	4.186.000

	Upplýsinga-tæknideild	Félagsv.- og lagadeild	Aðrir	Samtals
Fjöldi umsókna	10	2	5	40
Fjöldi styrkja	2	2	2	17
Heildarúthlutun	1.050.000	900.000	1.300.000	9.600.000
Heildarumsóknir	11.215.000	1.714.710	3.112.000	31.451.710

Tveir styrkir voru veittir af fjárveitingu sem Akureyrarbær gaf af tilefni opnunar Borga og fól stjórn rannsóknasjóðs að úthluta. Hreiðar Þór Valtýsson fékk 1.6 milljónir króna til að rannsaka hverastrýtur í Eyjafirði og Ingunn Helga Bjarnadóttir sem starfar á Jafnréttisstofu hlaut 400 þúsund krónur vegna verkefnis sem kallast Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir.

Sjóðsstjórn rannsóknasjóðs HA er skipuð eftirtöldum aðilum: Inga Björnssyni útibússtjóra Íslandsbanka sem jafnframt er formaður, Hjörleifi Einarssyni prófessor, Elísabetu Hjörleifsdóttur lektor, Halldóru Haraldsdóttur lektor og Elínu Aradóttur sérfræðingi hjá RHA.

GJAFIR OG STYRKIR

Systkinin Arnór, Geirfinnur, Guðrún, Inga Dagmar og Jón Karlsbörn afsöluðu á árinu til Háskólans á Akureyri öllum eignarhlutum sínum í jörðinni Végeirssöðum í Fnjóskadal og er jörðin þar með nánast öll í eigu háskólans. Að auki afsöluðu Arnór og Geirfinnur til háskólans þremur sumarhúsum, einu bænahúsi og fleiri eignum á Végeirsstöðum. Jafnframt afhentu Geirfinnur og Guðrún Végeirsstaðasjóði 10.000.000,- hvort sem ráðstafað skal til uppbyggingar að Végeirssöðum.
Mynd: f.v. Geirfinnur Karlsson, Þorsteinn Gunnarsson og Arnór Karlsson

Þann 7. janúar 2005 endurnýjaði Akureyrarbær samning sinn við Háskólann á Akureyri um Verkefnasjóð HA. Styrkurinn felst í þriggja milljón króna styrk fyrir árin 2005 og 2006. Styrknum er ætlað að koma í stað fjölda smærri styrkja sem áður voru veittir háskólanum af bæjaryfirvöldum. Stjórn sjóðsins er skipuð af háskólaráði og í henni sitja Þórleifur Stefán Björnsson forstöðumaður rannsókna- og alþjóðasviðs, jafnframt formaður, Finnur Friðriksson aðjúnkt (í fjarveru Hildigunnar Svavarsdóttur lektors veturinn 2004–2005) og Hreiðar Þór Valtýsson lektor og útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar.

Í tilefni 100 ára afmælis útibús Landsbankans á Akureyri 18. júní 2002 stofnaði bankaráð Landsbankans til tveggja náms- og rannsóknastyrkja við Háskólann á Akureyri. Hvor styrkur er að fjárhæð 500.000 krónur. Styrkirnir eru veittir til nemenda sem brautskráðir eru frá auðlindadeild og viðskiptadeild til framhaldsnáms í greinum sem tengjast sjávarútvegi eða fjármálastarfsemi eða til rannsóknaverkefnis á sömu sviðum. Úthlutun ársins 2005 fór fram þann 24. ágúst og að þessu sinni hlutu styrk Dagný Björk Reynisdóttir sem brautskráðist frá auðlindadeild 2005 og Ríkarður Bergstað Ríkarðsson sem brautskráðist frá viðskiptadeild 2003. Dagný Björk hóf framhaldsnám með áherslu á líftækni við auðlindadeild HA haustið 2005 og Ríkarður hefur stundað nám við Handelshojskolen i Århus með áherslu á alþjóðavæðingarferli banka og fjármálafyrirtækja.

Þann 9. desember 2005 afhenti Jafnréttisstofa Háskólanum á Akureyri bókasafn sitt sem byggt hefur verið upp um árabil. Safnið hefur verið skráð í Gegni, landskerfi bókasafna, frá upphafi, en hefur ekki nýst áhugafólki um jafnréttismál sem skyldi vegna skorts á útlánaaðstöðu. Með því að afhenda safnið háskólanum vonast Jafnréttisstofa til þess að fræðimenn og námsfólk um allt land geti nýtt sér bókakostinn.

Þann 12. maí 2005 afhenti kínverska sendiráðið á Íslandi háskólanum veglega bókagjöf fyrir hönd kínverska menntamálaráðuneytisins. Með bókagjöfinni veitir kínverska lýðveldið símenntunarnámi háskólans í kínversku verulegan stuðning. Um er að ræða um 1.000 valdar kínverskar bækur sem eru flestar á kínversku en sumar eru á ensku eða á báðum tungumálum. Þær eru öllum landsmönnum aðgengilegar í gegnum millisafnalán.

Arngrímur Jóhannsson gaf háskólanum þann 14. desember 2005 veglega bókagjöf. Um er að ræða 360 eintök af kennslubókum í kínversku. Arngrímur vildi greinilega vera þess fullviss að bækurnar kæmust klakklaust á áfangastað því hann keypti þær í Beijing, flaug síðan sjálfur með þær til Xiamen í S-Kína, Kuala Lumpur, Dubai, Amsterdam, Keflavíkur og Akureyrar. Hann ók þeim síðasta spölinn á eigin pallbíl að Háskólanum á Akureyri.

Skipting kostnaðar



Launagjöld	71,6%	932.015
Húsnæðiskostnaður	8,2%	106.646
Skrifst. og stjórnunarkostn.	3,7%	48.766
Funda- og ferðakostnaður	5,6%	73.655
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3,5%	45.616
Annar rekstrarkostnaður	3,0%	38.811
Eignakaup	3,7%	48.226
Annað	0,7%	8.480
		1.302.215

Rekstrarreikningur 2005

	2005	2004
Tekjur		
Innritunargjöld	54.164	41.500
Framlög og styrkir	130.981	116.754
Aðrar tekjur	102.369	73.388
	287.514	**231.642**
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	932.015	769.508
Húsnæðiskostnaður	106.646	49.284
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	48.766	48.043
Funda- og ferðakostnaður	73.655	75.246
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	45.616	31.330
Annar rekstrarkostnaður	38.811	37.189
Tilfærslur	19.814	19.906
	1.265.323	**1.030.506**
Eignakaup	48.226	43.254
	1.313.549	**1.073.760**
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur	(-1.026.035)	(-842.118)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	11.334	7.097
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(-1.014.701)	(-835.021)
Ríkisframlag	928.100	727.283
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	**(-86.601)**	**(-107.738)**

Skipting tekna



Innritunargjöld	4,5%	54.164
Aðrar tekjur	8,4%	102.369
Framlög	10,8%	130.981
Ríkisframlag	76,3%	928.100
		1.215.614

Efnahagsreikningur 2005

	2005	2004
Eignir		
Áhættufjármunir		
Eignarhlutir í félögum	1.000.000	1.000.000
	1.000.000	1.000.000
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	46.949.197	28.182.159
Handbært fé	151.002.155	229.327.520
	197.951.352	257.509.679
Eignir alls	**198.951.352**	**258.509.679**
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(234.779.808)	(127.041.530)
Tekjuafgangur (-halli) á árinu	(86.600.956)	(107.738.278)
Eigið fé	**(321.380.764)**	**(234.779.808)**
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	507.229.739	472.380.987
Viðskiptaskuldir	13.102.377	20.908.500
Skuldir	520.332.116	493.289.487
Eigið fé og skuldir	**198.951.352**	**258.509.679**

FJÁRMÁL

Á undanförnum árum hefur verið mikill vöxtur í starfsemi Háskólans á Akureyri. Nemendum hefur fjölgað verulega og mikil áhersla hefur verið lögð á að efla rannsóknir. Allt þetta hefur leitt til umtalsverðs kostnaðarauka í rekstri skólans. Að stærstum hluta hefur vextinum verið mætt með auknum framlögum ríkisins til kennslu á síðustu árum. Mikil fjölgun nemenda og kostnaðarhækkanir valda því að núverandi fjárveitingar duga ekki til að viðhalda óbreyttri starfsemi.

Síðla árs 2004 setti háskólaráð af stað vinnu sem hafði að markmiði að skila 100 milljóna króna hagræðingu í rekstri háskólans. Með rekstraráætlun ársins 2005 var kynnt áætlun um sparnað í árlegum rekstrarkostnaði upp á 55 milljónir króna. Á fundi sínum 24. júní 2005 samþykkti háskólaráð að innrita ekki nýja nemendur haustið 2005 í upplýsingatæknideild en rekstrargrundvöllur deildarinnar sem hefur starfað frá árinu 2001 hefur verið ótraustur. Jafnframt var ákveðið að endurskoða starfsemi auðlindadeildar og námsframboð í félagsvísinda- og lagadeild. Einnig var skipaður sérstakur starfshópur til að fara yfir rekstrarkostnað, skipulag deilda, stjórnsýslu og þjónustu með það að markmiði að ná fram frekari hagræðingu í rekstri. Starfshópurinn skilaði tillögum um hvernig spara mætti til viðbótar liðlega 50 milljónir króna og á fundum háskólaráðs 8. og 10. nóvember 2005 var eftirfarandi samþykkt:

- Háskóladeildum verði fyrst í stað fækkað úr sex í fjórar. Auðlindadeild og upplýsingatæknideild verða sameinaðar viðskiptadeild og heiti viðskiptadeildar breytt í viðskipta- og raunvísindadeild. Í samræmi við þessar skipulagsbreytingar er við það miðað að deildarforseti viðskiptadeildar stýri hinni sameinuðu deild þar til ráðningartíma hans lýkur í október 2008. Auk þessarar deildar starfa félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisdeild og kennaradeild við háskólann. Þegar kennaradeild flyst á háskólasvæðið er stefnt að enn frekari fækkun og endurskipulagningu deilda þannig að þær verði ekki fleiri en þrjár. Námsleiðum í félagsvísinda- og lagadeild verði fækkað og hagrætt verði í námsframboði í öðrum deildum án þess að það hafi áhrif á námsframvindu nemenda.
- Framhaldsnám verði eflt til muna og núverandi námsframboð verði aukið. Meðal þess sem skoðað verði er hagkvæmni þess að komið verði á fót sjálfstæðri stofnun eða félagi í nánum tengslum við deildir háskólans. Meginverkefni yrði skipulag og framkvæmd framhaldsnáms í samstarfi við háskóladeildir sem eru faglega ábyrgar fyrir gæðum námsins og veita viðkomandi prófgráðu.
- Stjórnsýslu- og þjónustueiningum verði fækkað úr sex í eina háskólaskrifstofu sem skiptist í akademíska stjórnsýslu og stoðþjónustu undir stjórn eins framkvæmdastjóra. Verkefnum verður útvistað eftir því sem hagkvæmt þykir.

Breytingar á stjórnsýslu og þjónustu hófust strax og miðað var við að þeim yrði lokið eigi síðar en 1. júní 2006. Sameining auðlinda- og upplýsingatæknideildar við viðskiptadeild skyldi hefjast strax og nýtt skipulag fyrir viðskipta- og raunvísindadeild taka gildi eigi síðar en 1. ágúst 2006.

Í bókun háskólaráðs kom fram að það leggur mikla áherslu á að endurskoðun skipulags Háskólans á Akureyri sé eðlileg afleiðing þess mikla vaxtar sem hefur verið í starfseminni. Einungis með styrkum rekstrargrundvelli verði hægt að halda á lofti þeim miklu kröfum og gæðum í starfi háskólans sem starfsfólk hans hefur metnað til.

BRAUTSKRÁNING

Brautskráning vorið 2005 var sem hér segir:

B.S.-próf í hjúkrunarfræði	31	Diplóma í uppeldis- og menntunarfræði	3
B.S.- próf í iðjuþjálfun	45	M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræði	2
M.S.-próf í hjúkrunarfræði	2	B.S.-próf í viðskiptafræði	71
B.A. próf nútímafræði	3	B.S.-próf í líftækni	2
B.Ed.-próf í kennarafræði	42	B.S.-próf í sjávarútvegsfræði	12
B.Ed.-próf í leikskólafræði	30	B.S.-próf í sjávarútvegs- og fiskeldisfræði	1
Kennslufræði til kennsluréttinda	42	B.S.-próf í umhverfisfræði	2
		B.S.-próf í tölvunarfræði	3

Brautskráðir frá upphafi

Deild	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Samtals
Auðlindadeild																7	17	24
Félagsvísinda- og lagadeild																	3	3
Heilbrigðisdeild			11	9	17	14	18	15	24	23	21	35	32	43	53	57	78	450
Kennaradeild								69	20	11	59	65	73	51	105	129	119	701
Viðskipta-/Rekstrardeild	8	11	6	16	21	23	27	39	13	11	15	14	27	39	37	48	71	426
Sjávarútvegsdeild						9	7	4	11	22	4	9	7	12	7	4		96
Upplýsingatæknideild																17	3	20
Samtals	**8**	**11**	**17**	**25**	**38**	**46**	**52**	**127**	**68**	**67**	**99**	**123**	**139**	**145**	**202**	**262**	**291**	**1720**



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS 11. JÚNÍ 2005

„Þorðu að vita" – „sapere aude" – voru einkunnarorð upplýsingarinnar að mati heimspekingsins Immanuel Kant sem uppi var á 18. öld. Með þessari djörfu yfirlýsingu á tímum harðstjórnar í Evrópu skoraði Kant á samtímamenn sína að hafa hugrekki til að nota eigið hyggjuvit. Hann staðhæfði að notkun skynseminnar á opinberum vettvangi verði ávallt að vera frjáls, það væri aðeins þessi notkun skynseminnar sem gæti fært okkur upplýsingu. Með þessum orðum ruddi Kant brautina fyrir frjálsri iðkan vísinda og fræða í háskólum nútímans sem eiga að vera siðferðilega og fræðilega óháðir sérhagsmunum og taka langtímahagsmuni fram yfir skammtímahagsmuni.

Ein mikilvægasta skuldbinding háskóla er sú að standa vörð um akademískt frelsi. Það er forsendan fyrir því að háskólastarf þróist áfram og sagan sýnir að þar sem akademískt frelsi hefur verið brotið niður hefur það þýtt hnignun þjóðfélaga. Akademískt frelsi felur í sér að einstaklingur geti leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína. Akademísku frelsi er skipt í frelsi til kennslu, frelsi til rannsókna, og frelsi til tjáningar og birtingar.

Akademískt frelsi er nauðsynlegt skilyrði fyrir því að nálgast sannleikann. Innan háskóla leita vísindamenn þess sem sannast reynist en stjórnmálamenn, oft á grundvelli ákveðinnar hugmyndafræði, vilja hafa áhrif og þá skiptir ekki alltaf máli hvað sannara reynist. Athafnamenn í efnahagslífinu sækjast eftir arði af fjárfestingum sínum sem er eðlileg krafa en hver verða viðbrögðin þegar arðsemismarkmið og rannsóknaniðurstöður rekast á?

Eftir því sem skilningur eykst á því að sú þekking sem verður til í háskólum í gegnum rannsóknir og kennslu sé einn megindrifkraftur efnahagslegra og félagslegra framfara eykst áhugi stjórnmálamanna og fjármálamanna á að koma að starfsemi háskóla. Meðan þessi þátttaka setur ekki skilyrði á hina frjálsu þekkingarleit vísindamanna ber að fagna auknum áhuga þessara afla á að styrkja háskólastarfið með ýmsum hætti.

Í Bandaríkjunum og Kanada er löng hefð fyrir því að vernda hið akademíska frelsi háskóla og þar sjá einkafyrirtæki sér hag í því að styrkja starf háskóla með ýmsum hætti án þess að akademísku frelsi sé ógnað. Hér á landi er hefð fyrir akademísku frelsi innan ríkisháskóla, einkum innan Háskóla Íslands, en eftir því sem háskólum fjölgar og rekstrarform þeirra verður fjölbreyttara er nauðsynlegt að háskólar í landinu skýri afstöðu sína til akademísks frelsis. Hafa rektorar háskólanna hafið þessa umræðu og er niðurstöðu hennar að vænta á næstu dögum.

Eftir því sem háskólum fjölgar er stundum spurt hver sé sérstaða Háskólans á Akureyri hér á landi. Hér má nefna nokkur atriði.

Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn hér á landi sem ekki er byggður upp á grunni eldri stofnunar. Haraldur Bessason fyrsti rektor háskólans sagði frá því að Háskólinn á Akureyri hefði aðeins átt eina bók þegar hann mætti fyrst til starfa, Bókina um manninn.

Háskólinn er einnig fyrsti margdeilda háskólinn sem leggur áherslu á fagmenntun á háskólastigi, t.d. kennaramenntun, hjúkrunarmenntun, sjávarútvegsfræði o.s.frv. Hann er langstærsti háskólinn utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar og hefur þar með mikil áhrif á samfélagið. Hann hefur leiðandi hlutverk í þróun fjarnáms og allir landsmenn geta notið góðs af þeim árangri. Sérstaða hans felst einnig í því að vera vel samkeppnishæfur við erlenda háskóla um kennara og nemendur. Háskólinn hefur byggt upp mikilvæga sérstöðu í námsframboði, m.a. sjávarútvegsfræði, líftækni, iðjuþjálfun, fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði og nútímafræði.

Á þessu háskólaári hefur Háskólinn á Akureyri verið í örri þróun og margar nýjungar hafa litið eða eru að líta dagsins ljós. Einkum hefur verið lögð áhersla á að byggja upp rannsóknatengt nám og aðstöðu til rannsókna.

Í október 2004 flutti verulegur hluti af starfsemi háskólans í nýja rannsókna- og nýsköpunarhúsið, Borgir, en menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir opnaði húsnæðið með formlegum hætti 22. október 2004. Þær starfseiningar sem fluttu þangað eru m.a. auðlindadeild og upplýsingatæknideild, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Ferðamálasetur Íslands og skrifstofa rektors. Hér er um mikil tímamót að ræða þar sem öll aðstaða til kennslu og rannsókna hefur tekið stórt stökk fram á við. Rannsóknavirkni kennara og sérfræðinga hefur stóraukist og þeim vegnaði vel að afla styrkja til rannsókna

BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

og tækjakaupa á liðnu ári. Samstarf auðlindadeildar við aðrar rannsóknastofnanir sem nú eru einnig staðsettar á Borgum, hefur aukist, m.a. Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofu, Rannsóknastofnun háskólans og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Með byggingu hússins hefur tekist að byggja upp við Háskólann á Akureyri fyrsta flokks aðstöðu fyrir kennslu og rannsóknir í raunvísindum með hagnýtingarmöguleika fyrir hin ýmsu svið þjóðlífsins og jafnframt miðstöð rannsókna- og þróunarstarfs á Norðurlandi sem mun laða til sín frekari rannsóknatengda starfsemi.

Framkvæmdir við Háskólann á Akureyri munu halda áfram og hefur fengist heimild til að hefja hönnun á fjórða byggingaráfanga á Sólborg. Byggt verður á grunni upphaflegrar samkeppnistillögu þar sem gert er ráð fyrir um 2000 fermetra byggingu sem kemur í beinu framhaldi af nýjustu byggingum á Sólborg. Í byggingunni verða fyrirlestrasalir, kennslustofur, fjölnotarými og háskólatorg. Gert er ráð fyrir að taka bygginguna í notkun haustið 2007, en hún mun bæta aðstöðu fyrir nemendur og kennara til muna, auk þess sem hún er liður í að færa alla starfsemi háskólans á sama svæði.

Háskólaárið 2004–2005 voru starfræktar sex deildir við Háskólann á Akureyri: auðlindadeild, félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisdeild, kennaradeild, viðskiptadeild og upplýsingatæknideild. Samtals stunduðu 1516 nemendur nám við Háskólann og hafa þeir aldrei verið fleiri. Árið áður, þ.e. háskólaárið 2003–2004, voru 1430 nemendur við nám í Háskólanum og fjölgaði þeim því um 6%.

Heilbrigðisdeild háskólans hefur í vetur eins og undanfarin ár, starfað á tveimur námsbrautum, hjúkrunarfræðibraut og iðjuþjálfunarbraut. Áfram hefur verið haldið fjarkennslu í hjúkrunarfræði og nú voru nemendur í fjarnámi á Selfossi, í Vestmannaeyjum, á Akranesi og á Ísafirði. Í dag mun hópurinn frá Selfossi brautskrást ásamt þeim nemendum sem hér hafa stundað sitt nám. Meistaranám í heilbrigðisvísindum er að festa sig í sessi og má segja að tilkoma þess, og hversu vel þessari námsbraut hefur verið tekið sé einn af þeim viðburðum sem hæst ber í starfsemi deildarinnar um þessar mundir.

Samstarf um meistaranám í hjúkrunarfræði við Háskólann í Manchester hefur haldið áfram og í dag munu tveir hjúkrunarfræðingar, sem tekið hafa þátt í því námi verða brautskráðir með meistaraprót.

Í viðskiptadeild hefur starfið einkennst af miklum umsvifum í fjarnámi og stór hópur fjarnemenda eða 46 talsins brautskrást hér í dag. Undirbúningur að meistaranámi hefur staðið yfir að undanförnu og er vonast til að leyfi stjórnvalda fáist til að hefja meistaranám við viðskiptadeild haustið 2006. Rannsóknir í deildinni hafa aukist töluvert á liðnum misserum eins og málstofur deildarinnar bera vitni um en þær hafa verið annan hvern föstudag í allan vetur. Auk þessa er verið að hyggja að gæðum starfs og kennslu í deildinni og í því sambandi má nefna að deildin er nú aðili að vottunarsamtökum sem heita European Council for Business Education.

Í auðlindadeild hafa rannsóknir eflst mjög á skólaárinu en nýjar hverastrýtur fundust á botni Eyjafjarðar sem sérfræðingar deildarinnar í samvinnu við Íslenskar orkurannsóknir og Hafrannsóknastofnun eru nú að rannsaka. Hafa þessar rannsóknir vakið mikla athygli jafnt fjölmiðla sem vísindasamfélagsins, hérlendis sem erlendis.

Síðastliðið haust veitti Landssamband íslenskra útvegsmanna háskólanum að gjöf fullkomna neðansjávarmyndavél með öllum tilheyrandi tækjakosti. Háskólinn hefur falið auðlindadeild umsjón

búnaðarins og er hann notaður til rannsókna á vegum deildarinnar. Búnaðurinn hefur einkum nýst við rannsóknir á áðurnefndum hverastrýtum en hann er einnig nýttur til veiðarfærarannsókna, rannsókna á líf- og vistfræði nytjafiska og annarra lífvera sjávar, rannsókna á eiginleikum hafsbotnsins, rannsókna á umhverfisáhrifum framkvæmda og mengun sjávar.

Starfsemi bæði Líftækninets í auðlindanýtingu sem styrkt er af iðnaðarráðuneyti og Matvælaseturs HA sem styrkt er af sjávarútvegsráðuneyti efldist mjög á árinu en þessi verkefni eru rekin í nánum tengslum við auðlindadeild. Deildin vann einnig að undirbúningi að alþjóðlegu, rannsóknatengdu, meistaranámi í auðlindafræði sem ráðgert er að hefjist nú í haust.

Í kennaradeild hófst kennsla annars árs nemenda í fjarnámi í grunnskólafræði, en það nám var fyrst í boði haustið 2003. Á næsta skólaári munu um 80 nemendur stunda nám á lokaári á leikskólabraut. Í framhaldsnámi er jafnan mikil eftirspurn eftir námi í kennslufræði til kennsluréttinda og diplóma- og meistaranám hefur verið að styrkjast mjög, en nú vinna um 20 manns að meistaraprófsritgerð og tveir kandídatar með meistarapróf verða brautskráðir hér í dag. Tilvist diplóma- og meistaranáms við deildina er mikilsverð og nauðsynlegt er að efla það og styrkja þar sem sú rannsóknastarfsemi sem fylgir framhaldsnámi er afar mikilvæg í starfsemi háskóladeilda og háskólans í heild.

Í vetur hefur starfshópur unnið að því að móta afstöðu kennaradeildar til lengingar kennaranáms en umræða um nauðsyn þess hefur átt sér stað undanfarið. Starfshópurinn skilar skýrslu sinni til deildarfundar kennaradeildar nú í júnímánuði og mun deildin móta afstöðu sína til málsins í kjölfarið.

Mikil gróska er í rannsóknum kennara í kennaradeild og hafa þeir birt fjölmargar tímaritsgreinar, haldið fyrirlestra á ráðstefnum og gefið út bækur bæði innanlands og erlends og hlotið bókmenntaverðlaun fyrir verk sín. Viðfangsefni þeirra eru fjölbreytileg og auðga viðkomandi fræðasvið og eru mikilsverður liður í að efla starfsemi deildarinnar.

Innan kennaradeildar starfar skólaþróunarsvið sem hefur eflst jafnt og þétt. Sviðið er farvegur þekkingar út í hið daglega skólastarf í formi ráðgjafar, námskeiða og fræðslufunda. Að þeirri miðlun standa bæði kennarar deildarinnar og sérfræðingar skólaþróunarsviðs. Með sviðinu hefur orðið mikil uppbygging þekkingar innan kennaradeildar um samskipti heimilis og skóla svo og um lestur og lestrarkennslu. Starfsemi skólaþróunarsviðs verður æ mikilvægari þáttur í starfsemi deildarinnar.

Styrkleiki upplýsingatæknideildar á alþjóðavettvangi hefur aukist á síðasta ári. Komið hefur verið á fót alþjóðlegu samstarfi við háskóla í Svíþjóð, Skotlandi og Hollandi. Deildin hefur staðið fyrir alþjóðlegum málþingum sem eru styrkt af Iceland Express þar sem 17 fyrirlesarar víðs vegar að úr heiminum hafa haft framsögu. Þessi starfsemi mun halda áfram á næsta ári. Í deildinni hafa skiptinemar frá Rússlandi, Finnlandi, Belgíu og Frakklandi stundað nám. Meira en 180 umsóknir hafa borist frá erlendum nemendum en aðeins er hægt að veita litlum hluta þeirra viðtöku.

Deildin keppir því á alþjóðlegum vettvangi og miðar sitt gæðamat við það og notar ytri eftirlitsmann sem fylgist með að gæði kennslu og rannsókna standist alþjóðlegar kröfur.

Félagsvísinda- og lagadeild er að brautskrá hér í dag fyrstu kandídatana frá deildinni. Hér er um að ræða þrjá nemendur sem brautskrást í nútímafræði en hún er í fyrsta skipti kennd til 90 eininga.

Til deildarinnar hafa valist háskólakennarar sem hafa umtalsverða rannsóknarreynslu og metnað til að nýta þá reynslu við þjálfun ungra vísindamanna. Við uppbyggingu deildarinnar hefur því verið lögð rík áhersla á samþættingu rannsókna og kennslu, sérstaklega á þeim sviðum sem tengjast fræðilegum undirstöðum opinberrar stefnumótunar.

Deildin veitti Shirin Ebadi heiðursdoktorsnafnbót í nóvember sl. fyrir störf sín í þágu mannréttinda á heimsvísu en hún er sem kunnugt er sérstakur talsmaður mannréttinda flóttafólks, kvenna og barna. Í tengslum við þennan viðburð var haldin velheppnuð mannréttindaráðstefna.

Tveir hópar nemenda í deildinni fóru í námsferðir til Rússlands, annar til Múrmansk og nágrennis, og hinn til Yakútíu í Síberíu og kynntust þar aðstæðum sem eru um margt ólíkar því sem gerist annars staðar.

Starfsemi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri efldist mjög á árinu en stofnunin stundar rannsóknir á sviði félagsvísinda og hagfræði, auk land- og skipulagsfræða. Helstu áherslur í rannsóknum hjá stofnuninni eru byggðamál, opinber stjórnsýsla, sveitarstjórnarmál, samgöngumál með áherslu á félags- og efnahagsleg áhrif samgöngumannvirkja, mat á félagslegum og efnahagslegum áhrifum stóriðju og virkjanaframkvæmda og nýsköpunarmál. Helstu rannsóknaáform eru á ofantöldum sviðum og hefur stofnunin verkefni framundan á þeim öllum.

Þrjár stofnanir á vegum háskólans, þ.e. Ferðamálasetur, Heilbrigðisvísindastofnun og Matvælasetur vinna að framkvæmd Vaxtarsamnings Eyjafjarðar í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og iðnaðarráðuneyti. Fulltrúar fjölda fyrirtækja og stofnana starfa innan þessa verkefnis og er ánægjulegt að fylgjast með áhuga þeirra og þeim árangri sem þau eru að ná.

Í allt brautskráist 291 kandídat frá Háskólanum á Akureyri hér á eftir og er það langstærsti hópur sem hefur brautskráðst héðan. Af þeim hafa 179 stundað námið hér á Akureyri en 111 hafa stundað fjarnám fyrir milligöngu símenntunar- og fræðslumiðstöðva annars staðar á landinu, m.a. á Egilsstöðum, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Sauðárkróki, í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka starfsfólki símenntunarmiðstöðva og forsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga kærlega fyrir mjög árangursríkt og ánægjulegt samstarf við uppbyggingu fjarnámsins.

Skipting brautskráðra eftir deildum er sem hér segir: 78 heilbrigðisdeild, 119 kennaradeild, 71 viðskiptadeild, 17 auðlindadeild, 3 upplýsingatæknideild og 3 félagsvísinda- og lagadeild. Ég vil þakka deildarforsetum og háskólakennurum fyrir velheppnað samstarf á skólaárinu.

Í upphafi máls míns vitnaði ég í einkennisorð upplýsingarinnar „þorðu að vita" sem eignuð eru Immanuel Kant.

Ágætu kandídatar, ég vil tileinka ykkur þessi vísu orð heimspekingsins. Að byggja upp akademískt samfélag krefst visku, eldmóðs, frumkvæðis, dirfsku og nýsköpunar allra þeirra sem taka þátt í því hvort sem það eru kennarar, stjórnendur, annað starfsfólk eða nemendur. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að kennsla og rannsóknir lúti akademískum lögmálum. Stofnun sem fer á svig við akademískar kröfur tapar trausti og verður lítils megnug. Það er samspil kennara og nemenda í glímu sinni við fræðin sem skapar hið akademíska samfélag. Hlutverk stjórnanda hins akademíska samfélags er að skapa nauðsynleg skilyrði til þess að nemendur og kennarar geti ástundað sín fræði og öðlast þá þjálfun og dirfsku sem þarf til að skapa nýja þekkingu og koma henni á framfæri til almennings.

Ég vil þakka ykkur, ágætu kandídatar, fyrir framlag ykkar til að byggja upp lifandi og fjölbreytt akademískt samfélag við Háskólann á Akureyri.

Kæru kandídatar, um leið og ég færi ykkur heillaóskir á þessum tímamótum vil ég minna á að þó að háskólapróf ykkar sé mikilvægt þá er það aðeins einn áfangi á lærdómsbraut sem þið vonandi haldið áfram að fylgja í framtíðarstörfum ykkar.

Fyrir hönd háskólans óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar hjartanlega til hamingju með þessi tímamót í lífi ykkar og ég óska ykkur velfarnaðar í því starfi, námi og lífi sem bíður ykkar.

Nemendum, kennurum og öðru starfsfólki háskólans þakka ég gott og árangursríkt samstarf á liðnu háskólaári.

